

Föstudaginn 28. maí 1982.

Nr. 214/1977. **Bifreiðaleigan Falur h/f og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Agnés Josy Barbara Bloch (Agnés Delarive)
(enginn).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 73/1975 hinn 8. s. m. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 16. desember 1977. Gerði hún þær dómkröfur í áfrýjunarstefnunni, að allar kröfur hennar fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina og áfrýjendur dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar að því er varðar stefndu í héraði Ármann Einarsson, sýslusjóð Árnæssýslu og Samvinnutryggingar g/t.

Eftir áfrýjun málsins andaðist Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, en hann hafði farið með málið fyrir stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Í bréfi sendiráðs Frakklands í Reykjavík 8. mars 1982 var frá því greint, að stefnda mundi ekki láta neinn mæta af sinni hálfu við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Kom samkvæmt því enginn fyrir dóm af hennar hendi, er málið skyldi flutt hinn 17. þ. m. Var gagnsökin að svo búnu hafin vegna útivistar stefndu.

Dómkröfur sínar fyrir héraðsdómi reisti stefnda gagnert á því, að áfrýjandi Bifreiðaleigan Falur h/f bæri hlutlæga

skaðabótaábyrgð á tjóni hennar samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 67. greinar, sbr. 1. mgr. 69. greinar umferðarlaga nr. 40/1968, og til þeirra bóta bæri áfrýjanda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f einnig að svara samkvæmt 2. mgr. 74. greinar, sbr. 70. gr. sömu laga.

Er stefnda slasaðist, var hún farþegi í bifreiðinni R 18100, sem ökumaðurinn, Francesco Horvat, hafði á leigu án ökumanns hjá aðaláfrýjanda Bifreiðaleigunni Fal h/f. Flutningur stefndu var eigi gegn gjaldi. Samkvæmt því á hin hlutlæga fébótaregla 1. mgr. 67. greinar umferðarlaga nr. 40/1968 ekki við um tjón hennar, sbr. 2. mgr. nefndrar greinar. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum hennar í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Bifreiðaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Agnès Josy Barbara Bloch (Agnès Delarive), í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og
Þórs Vilhjálmssonar.**

Í máli þessu reynir á skýringu á 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Við erum sammála því, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, að 2. mgr. greinarinnar verði að skýra svo, að til takmörkunar á objektivri ábyrgð komi ekki samkvæmt þessu ákvæði, ef bifreið er til afnota fyrir almenning gegn borgun. R 18100 var bílaleigubifreið og því til afnota fyrir almenning gegn borgun. Ber því að okkar álitni að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því leyti sem hann er borinn undir Hæstarétt. Við erum sammála meiri hluta dómara um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, höfðaði Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hér í borg, fyrir hönd Mlle Agnès Delarive, 42 Avenue Bugeaud í París, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 30. ágúst 1972, á hendur Bifreiðaleigunni Fal h/f, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sýslusjóði Árnessýslu, Ármanni Einarssyni og Samvinnutryggingum g/t til greiðslu in solidum á frönskum frönkum 267.234.03 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1970 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var höfð uppi sú breyting á kröfum stefnanda, að krafist var, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða franska franka 150.203.03 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1973 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara var þess krafist, að stefndu yrðu dæmdir til að greiða hina umstefndu fjárhæð með vöxtum í íslenskum krónum samkvæmt gengi franskra franka á greiðsludegi. Þá var og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að skaðláu.

Af hálfu Bílaleigunnar Fals h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f er þess krafist aðallega, að þessir stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar stórlega. Hvernig sem málið fer, krefjast þessir stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu sýslusjóðs Árnessýslu, Ármanns Einarssonar og Samvinnutrygginga g/t eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að stefnu-fjárhæðin verði stórlega lækkuð og verði þá málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að stefnandinn, sem ber skírnarnafnið Agnès Josy Barbara Bloch, en notar listamanns nafnið Agnès Delarive, hefur um árabil starfað að gerð sjónvarpsþátta og sem fyrrsæta að gerð auglýsinga. Í júlímánuði 1970 kom hún hingað til lands á vegum auglýsingafyrirtækisins Quadrant ásamt Jacqueline Anne Marie Dury, Michel Dauberville og Frank (Francesco) Horvat til myndatöku við gerð auglýsinga. Tekin var á leigu bifreið hjá Bílaleigunni Fal h/f til að ferðast um landið, en lögboðin ábyrgðartrygging fyrir bifreiðina var keypt hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Undirritaði Francesco

Horvat samning um leigu bifreiðarinnar hinn 16. júlí 1970. Hélt nú hópurinn austur í Þjórsárdal í bifreiðinni, og ók Francesco Horvat. Sátu stefnandi og Michel Dauberville í framsæti bifreiðarinnar. Á veginum í Þjórsárdal vildi svo til, að bifreiðin fór út af veginum og valt, en við athugun kom í ljós, að vinstri afturhjólarði hafði sprungið, er nagli stakkst upp í hann. Við atburð þennan slasaðist stefnandi. Var fengin sjúkrabifreið frá Búrfellsstöð til að flytja hana í sjúkrahús. Er komið var til Selfoss, tók læknirinn, sem þar athugaði stefnanda, þá ákvörðun að láta flytja hana í sjúkrahús í Reykjavík. Var nú sjúkraflutningnum haldið áfram í sjúkrabifreiðinni X 4, eign sýslusjóðs Árnassýslu, en lögboðin ábyrgðartrygging bifreiðarinnar var keypt hjá Samvinnutryggingum g/t. Á leiðinni til Reykjavíkur lenti sjúkrabifreiðin í árekstri við bifreiðina X 521 við vegamót Suðurlandsveggar og Árbæjarveggar. Er bifreiðin X 521 eign stefnda Ármanns Einarssonar, en lögboðin ábyrgðartrygging þeirrar bifreiðar var einnig keypt hjá Samvinnutryggingum g/t. Var nú fengin önnur sjúkrabifreið, sem flutti stefnanda í Borgarspítalann í Reykjavík.

Er bifreiðin R 18100 valt í Þjórsárdal, voru lögreglumenn kvaddir á vettvang. Í skýrslu lögregluþjóns, sem kom á vettvang, segir svo um atburðinn:

„Ég undirritaður fór að sinna þessu, á leiðinni mætti ég sjúkrabifreið frá Búrfelli, er flutti hina slösuðu í sjúkrahús Selfoss, með henni var Michel Dauberville frá París, en hann hafði einnig verið farþegi og taldi sig ekki hafa hlotið meiðsli. Er á staðinn kom, var þar fyrir ökumaðurinn og Duruy Jaceuline Anne Maria, f. 220240, til heimilis í Bordeaux, Frakklandi, hún taldi sig ekki meidda, en ökumaðurinn kvartaði um óþægindi í hægri öxl. Ökumaðurinn tjáði mér, að hann hefði ekið áleiðis til Heklu með 60—70 km. hraða, er bifreiðin skyndilega fór að rása til á veginum og svo að hann missti vald yfir henni og lenti út af til vinstri miðað við stefnu, og valt bifr. eina veltu og stöðvaðist á hjólunum. Töluvert tjón hafði orðið á yfirbyggingu bifreiðarinnar, sem var skröpuð og dælduð.

Vinstri afturhjólarði var sprunginn, og við athugun kom í ljós, að stór nagli hafði stungist í gegnum banan (sic), og virðist mér, að þarna sé ástæðan fyrir, að bifreiðin lendir út af veginum.

Miss Agnès var, sem áður frá greinir, flutt í sjúkrahús Sel-

foss, en að athugun lokinni þar til Slysavarðstofunnar í Reykjavík.

Bifreiðaleigunni Fál var strax tilkynnt um óhappið.

Teikning var ekki gerð af vettvangi.“

Vegurinn þarna er malarvegur, og samkvæmt skýrslum var yfirborð vegarins laust, en slétt. Færi var þurrt. Slysið varð laust fyrir kl. 1120, og var veður bjart.

Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang, er sjúkrabifreiðin X 4 og bifreið stefnda Ármanns Einarssonar, X 521, rákust saman. Skýrsla Eiríks Hallgrímssonar lögreglumanns um atburðinn er svohljóðandi:

„Þarna hafði árekstur orðið með þeim hætti, að bifr. X 4 hafði ætlað að aka fram úr X 521 á móts við Árbæjarvegamót, en um leið beygði X 521 heim að Árbæ, og lenti hægri hlið bifr. X 4 á vinstri hlið bifr. X 521, en bifreiðarnar höfðu báðar ekið út Ölfus.

Ökumaður bifr. X 521 tjáði mér, að hann hafi ekið fremur rólega, er hann nálgast vegamótin að Árbæ, hafi hann fært sig til vinstri á veginum og sett á stefnuljós til að undirbúa beygjuna, svo er hann ætlaði að fara að beygja, þá hafi hann litið aftur, en engan bíl séð, en í því hafi áreksturinn orðið.

Ökumaður bifr. X 4 tjáði mér, að hann hafi verið að leggja af stað til Reykjavíkur með sjúkling í bifr., hann hafi ekið með ca. 60—70 km. hraða m. klst. Hann hafi séð til ferða X 521 á undan sér, en ekki séð neitt í þá átt, að sú bifr. ætlaði að beygja heim að Árbæ, því hafi hann talið, að það væri óhætt að aka fram úr þarna, en er hann hafi verið að komast að bifr., þá hafi bifr. verið beygt til vinstri að Árbæ; þetta skeði svo snögg, að mér vannst ekki tími til að hemla.

Farþegar bifr. X 521 voru Laufey Ármannsdóttir, Friðdís Ármannsdóttir, báðar til heimilis að Engjavegi 3, Selfossi, og Björg Pétursdóttir, Steinagerði 8, og barn hennar.

Farþegar með bifr. X 4 var frönsk kona, sem var í sjúkrakörfu, og franskur aðstoðarmaður hennar.

Bifreiðarnar skemmdust báðar mikið; hægri hlið sjúkrabifr. var öll dælduð og hægra framhjól skekkt.

Bifr. X 521 skemmdist mest á vinstra framhorni, brettið var rifið og beyglað, felgan beygluð, sprungið á dekkinu, einnig var vinstra afturhorn beyglað og rispað.

Margt fleira getur komið í ljós á báðum bifr. við nánari skoðun.“

Áreksturinn varð laust fyrir kl. 1310, og var heiðskírt veður og færi þurrt.

Stefnandi málsins kveðst hafa komið hingað til lands umrædda ferð til að taka myndir fyrir tímaritin Elle og Marie-Claire og hafi hún verið ráðin til ferðarinnar af auglýsingafyrirtækinu Quadrant. Hafi hún haft ráðningarbréf um ferð þessa og hafi fyrirtækið átt að greiða allan kostnað við förina, þ. á m. laun hennar. Stefnandi kveðst vera fyrirsæta og hafi ljósmyndari verið með í förinni, sem hafi átt að taka ljósmyndir. Auk þess hafi verið með í förinni karlmaður, sem sé fyrirsæta, og stúlka, sem var starfsmaður fyrirtækisins Quadrant, og hafi þau hin þrjú verið ráðin sérstaklega til þessarar ferðar. Ekki hafi verið neinn fararstjóri, en ljósmyndarinn hafi haft frumkvæðið við að ákveða, hvaða ljósmyndir voru teknar og hvar þær skyldu teknar. Stefnandi kveðst ekki hafa haft afskipti af því, að bifreið var leigð til ferðarinnar, heldur hafi það verið Francesco Horvat, sem hafi tekið bifreiðina á leigu, en þau hafi öll verið viðstödd, þegar bifreiðin var tekin á leigu. Hafi hópurinn tekið bifreiðina á leigu til afnota fyrir sig, en leigan hafi algerlega verið á vegum fyrirtækisins Quadrant, í þágu þess og á þess kostnað. Eftir slysið kveður stefnandi ferðafélaga sína hafa greitt kostnað við ferðina, en ekki hafi verið greitt neitt áður. Hafi það annað hvort verið Francesco Horvat eða aðstoðarstúlkan, sem hafi haft allar fjárreiður fyrir hópinn. Hún kveðst ekki hafa vitað annað um ökuréttindi Francesco Horvat en það, að hann hafi haft ökuskírteini. Hún kveður enga ástæðu hafa verið til að taka á leigu bifreið með bifreiðarstjóra. Þau geri það aldrei og svo sé það dýrara. Um slysið í Þjórsárdal hefur stefnandi skýrt svo frá, að Francesco Horvat hafi ekið, hún hafi sjálf setið í framsæti bifreiðarinnar ásamt Michel Dauberville. Hafi bifreiðinni verið ekið á um 60 km hraða, er hún hafi skyndilega tekið að reika til á veginum. Ökumaðurinn hafi reynt að halda bifreiðinni í beinni stefnu, en eftir tvær eða þrjár sveigjur á veginum hafi bifreiðin oltið út af veginum, á vinstri hlið niður vegarkantinn og farið heila veltu. Eftir nokkurn tíma hafi þau, sem í bifreiðinni voru, jafnað sig og stöðvað vél bifreiðarinnar. Stefnandi kveðst hafa fundið mikinn verk í bakinu og eins verk í höfðinu. Hún hafi verið föst í bifreiðinni og hafi samferðafólk sitt hjálpað sér úr henni. Hún kveðst ekki hafa getað staðið og því hafi þurft að draga sig. Hafi hún verið lögð á jörðina og síðan breitt yfir sig. Hún kveðst ekki hafa getað hreyft sig. Við athugun á bif-

reiðinni eftir þennan atburð kveður hún hafa komið í ljós, að nagli hafi stungist í vinstra afturhjólað bifreiðarinnar og hafi hjólabarðinn verið sprunginn. Eftir stutta stund hafi fólk komið þarna að og hafi það sótt hjálpa frá Búrfellsvirkjun. Þaðan hafi svo komið sjúkrabifreið. Stefnandi kveðst nú hafa verið flutt í sjúkrahúsið í sjúkrabifreiðinni á leiðis til Reykjavíkur. Á leiðinni hafi verið stansað við sjúkrahús, sem muni hafa verið á Selfossi. Kveður stefnandi sig minna, að hún hafi verið borin inn í sjúkrahúsið frekar en að læknir hafi komið út í sjúkrabifreiðina til sín. Hún kveður lækinn hafa litið á sig mjög lauslega, en síðan hafi hann sagt, að það yrði að flýta sér með hana í sjúkrahús í Reykjavík. Á leiðinni til Reykjavíkur hafi svo sjúkrabifreiðin lent í árekstri. Stefnandi kveðst hafa hreyfst mikið til, þótt hún hafi ekki kastast upp úr sjúkrakörfunni, og fundið ákaflega mikið til, en hún hafi verið með mikinn sársauka fyrir. Hún hafi svo misst meðvitund, er hún kom í sjúkrahúsið í Reykjavík. Stefnandi kveður sér hafa verið sagt, á meðan hún dvaldist á Borgarspítalanum í Reykjavík, að hún mætti ekki hreyfa sig, því þá gæti hún lamast, og hafi þetta haft mikil áhrif á sig. Stefnandi var síðar flutt sjúkraflutningi í sjúkrahús í París. Er hún fór af því sjúkrahúsi, kveðst hún hafa þurft að liggja hreyfingarlausa heima þar til í byrjun októbermánaðar. Í janúarmánuði 1971 kveðst stefnandi hafa byrjað aftur í starfi sínu sem leikstjóri við sjónvarpið. Stefnandi kveður það áreiðanlegt, að afleiðingar slyssins komi í veg fyrir, að hún geti gert ýmislegt af því, sem hún áður gerði. Hún kveðst vera blaðamaður og kveðst hafa ferðast mikið fyrir sjónvarpið. Kveðst hún hafa farið í erfiðar ferðir sem blaðamaður, m. a. farið til Afganistan. Hafi hún átt að fara til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs, en hafi orðið að hætta við það, af því að hún geti ekki lengur treyst sjálfri sér. Hún kveðst finna til þreytu og verkja í bakinu. Þá hafi hún fyrr á þessu ári fundið til svima, sem hún hafi aldrei fundið til fyrir slysið. Hún kveðst ekki geta setið á hestbaki og ekki leikið golf, en fyrir slysið hafi hún stundað þessar íþróttir. Í starfi sínu kveðst stefnandi þurfa að standa mikið og þurfi mikla líkamlega orku til að sinna starfinu, en nú þreytist hún mikið fyrr, eftir að hún varð fyrir slysinu. Stefnandi kveður atburði skömmu fyrir slysið hafa horfið sér úr minni, og ekki kveðst hún muna sjúkrahúsdvöl sína hér á landi í heild, heldur aðeins einstaka þætti. Hún kveður sér finnast eins og hún hafi aðeins verið einn dag á sjúkrahúsinu. Hún muni eftir ýmsum hlutum, en það sé

eins og hún geti ekki sett þá á réttan stað í tíma. Stefnandi kveðst nú alltaf öðru hverju finna til migrene, en til þess hafi hún ekki fundið fyrir slysið. Þá kveðst hún ekki hafa verið hrædd í bifreiðum fyrir slysið, en nú sé hún alltaf hrædd í bifreiðum, sérstaklega ef annar ekur. Stefnandi kveðst hafa verið tryggð hjá Lloyds og kveður félagið hafa greitt helming af lækniskostnaði, en kveðst ekki muna, hversu háum fjárhæðum aðrar greiðslur námu. Þá kveðst stefnandi hafa fengið greiðslu frá Securite Sociale, en kveðst ekki muna, hversu hárrí fjárhæð hún nam, en þar hafi ekki verið um háa fjárhæð að ræða.

Ekki mun lögreglan hafa tekið skýrslu af Michel Dauberville, en fram hefur komið yfirlýsing hans um atvik af slysinu og um áhrif þess á stefnanda. Er yfirlýsing þessi í samræmi við skýrslu stefnanda.

Ekki mun heldur hafa verið tekin lögregluskýrsla af Francesco (Frank) Horvat, en fram eru komnar tvær yfirlýsingar hans, dags. 23. október 1970 og 21. nóvember 1973. Þar skýrir hann svo frá, að auglýsingafyrirtækið Quadrant í París hafi falið sér að fara til Íslands í fylgd með stefnanda til þess að vinna að myndskreyttri blaðagrein, sem hafi verið ætluð til að auglýsa vörumerkið Woolmark. Hafi sér verið falið að taka ljósmyndir af stefnanda, en hún hafi átt að klæðast fötum af Woolmark-gerð. Gert hafi verið hlé á ljósmyndastarfinu vegna slyssins, sem varð hinn 18. júlí 1970. Grein þessi hafi svo birst í mánaðarritinu Marie-Claire, októberhefti 1970, og vikublaðinu Elle. Hann kveður félagið Quadrant hafa greitt ferðakostnað fyrir þau, sem að þessu störfuðu. Þau hafi tekið bifreið á leigu, er þau komu til Íslands, og hafi þau notað hana til að finna staði til að ljósmynda.

Guðmundur Kristinn Jónsson lögregluþjónn, ökumaður sjúkra-bifreiðarinnar X 4, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið frá sjúkrahúsinu á Selfossi um kl. 1300. Hann hafi verið að flytja franska stúlku, Agnès Delarive að nafni, í slysavæðstofuna í Reykjavík, en stúlkan hafi slasast í umferðarslysi þá um daginn. Hafi stúlkan legið í sjúkrakörfu aftur í bifreiðinni, en á bekknunum hjá henni hafi setið maður að nafni Michel Dauberville, en aðrir hafi ekki verið í bifreiðinni. Guðmundur kveður stúlkuna hafa slasast í baki og hafi hún verið með þrautir í bakinu. Er hann kom að rimlahliðinu fyrir ofan sláturhúsið á Selfossi, kvaðst Guðmundur hafa tendrað rauð viðvörunarljós á þaki sjúkrabifreiðarinnar. Hafi hann gert þetta til þess að fá greiðari umferð,

en ekki sökum þess, að hann hafi verið í sérstakri hraðferð. Kveðst hann telja, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 60—70 km á klst. Hann hafi svo séð jeppabifreiðina X 521 á undan sér og hafi henni verið ekið fremur hægt. Hafi hraði hennar verið minni en sjúkrabifreiðarinnar og hafi hún því nálgast bifreiðina X 521. Guðmundur kveður sér hafa fundist ökumaður X 521 veita sjúkrabifreiðinni athygli og hafi X 521 verið vel til hægri á veginum. Hann kveður sér því ekki hafa fundist neitt eðlilegra en að fara fram úr bifreiðinni. Hafi sér fundist framúraksturinn svo auðveldur og hindrunarlaus, að hann hafi ekki gefið hljóðmerki, hvorki með sírenu né flautu. Er framendi sjúkrabifreiðarinnar var kominn svo sem fram á móts við miðja bifreiðina X 521 og hann taldi ekki unnt að álíta annað en ökumaður X 521 hefði veitt sjúkrabifreiðinni athygli, þá hafi það gerst, að X 521 hafi verið sveigt til vinstri skáhallt yfir veginn. Guðmundur kveður sér strax hafa orðið ljóst, að ökumaður X 521 væri að sveigja inn á veginn að Árbæ, en bifreiðarnar hafi þá verið staddar þvert af þeim vegi. Guðmundur kveðst ekki hafa veitt því athygli, að ökumaður X 521 gæfi með stefnuljósum merki um, hvert hann hugðist aka, þó kunni að vera, að hann hafi gert það. Eftir á hafi hann að minnsta kosti sagst hafa gert það. Það fyrsta, sem Guðmundur kveðst hafa gert til að koma í veg fyrir árekstur, hafi verið að sveigja sjúkrabifreiðinni eins mikið til vinstri og hann hafi getað. Það hafi þó ekki nægt og hafi framendar bifreiðanna skolið saman, þ. e. hægra framhorn sjúkrabifreiðarinnar og vinstra framhorn X 521. Síðan hafi afturhlutar bifreiðanna skolið saman. Guðmundur kveður þetta hafa verið töluvert harðan árekstur, en þó ekki svo, að sjúkrabifreiðin hafi kastast neitt til að ráði, því er hann sá, hvað verða vildi, hafi hann búist við, að þetta yrði verra. Ekki kvaðst hann hafa verið búinn að draga neitt úr hraða bifreiðarinnar, þegar áreksturinn varð, en rétt um leið og bifreiðarnar skullu saman, hafi hann stigið á hemlana. Hann hafi ekki beitt þeim af fullri orku, því hann hafi séð, að úr því sem komið var, hefði það ekki þýðingu. Guðmundur kveður bifreiðina hafa farið nokkurn spöl utan vegarins og stöðvast nokkuð fyrir vestan vegamótin, en X 521 hafi kastast frá sjúkrabifreiðinni og lent út að hægri vegarbrún. Guðmundur kveður sér ekki hafa verið kunnugt um, að neitt hafi orðið að farþegunum í sjúkrabifreiðinni, að vísu hafi maðurinn runnið niður af bekknum, en sér sé ekki kunnugt um, að hann hafi meitt sig. Guðmundur kveðst ekki hafa óttast, að árekstur

væri yfirvofandi, fyrr en rétt um það leyti sem hann varð, og því hafi sér ekki unnist tími til að gefa hljóðmerki. Guðmundur kveður hraða X 521 hafa verið eðlilegan miðað við það, að bifreiðin hafi verið þarna ein á ferð. Hann kveður mikið tjón hafa orðið á báðum bifreiðunum og hafi þær verið óökufærar. Hann kveður aðra sjúkrabifreið hafa flutt sjúklinginn til Reykjavíkur.

Einar Ármannsson, ökumaður X 521, hefur skýrt svo frá, að hann hafi gefið stefnumerki, er hann hafi átt ófarna 10—15 m að vegamótunum, og þá um leið hafi hann fært bifreið sína að miðju vegarins í því skyni að beygja inn á Árbæjarveginn. Einar kveðst í umrætt sinn hafa verið á leið að Stuðlum í Ölfusi og hafi Laufey, systir sín, setið í framsætinu við hlið sér, en tvö börn í aftursætinu. Kveðst Einar hafa ekið á um 35—40 km hraða og ekki veitt athygli neinni umferð á eftir. Kveðst hann telja, að augnabliki eftir að hann hafi kveikt stefnuljósinn, hafi hann litið í baksýnispegilinn og hafi hann þá ekki séð neina umferð á eftir sér. Því hafi hann talið opna leið inn á Árbæjarveginn. Hann kveðst hafa verið búinn að sveigja bifreiðinni nokkuð til vinstri, er hann hafi séð sjúkrabifreiðina til hliðar við sig, og hafi það engum togum skipt, að bifreiðarnar hafi lent saman. Ármann kveður sér ekki hafa unnist tími til að hemla eða gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir árekstur. Kveður hann það hafa gerst á sama augnabliki, að hann hafi skynjað hættuna og áreksturinn hafi orðið.

Laufey Ármannsdóttir, systir Einars Ármannssonar, sem var farþegi í bifreiðinni X 521, hefur skýrt svo frá, að Einar hafi kveikt stefnuljós bifreiðarinnar, en ekki hafi hún veitt því athygli, að hann færði bifreiðina að miðju vegarins. Hún kveðst ekki hafa veitt sjúkrabifreiðinni athygli, fyrr en áreksturinn varð, en þá hafi Einar verið farinn að sveigja inn á Árbæjarveginn. Hún kveður stefnuljós hafa logað á X 521 eftir áreksturinn og einnig hafi rauð viðvörunarljós logað á sjúkrabifreiðinni.

Ekki liggja fyrir önnur gögn um ástand stefnanda við komuna til sjúkrahússins á Selfossi en umsögn Óla Kr. Guðmundssonar yfirlæknis um það, að frumskoðun hafi leitt í ljós, að um meiri háttar meiðsli í baki væri að ræða, og með tilliti til þess, að stefnandi var útlendingur, hafi hann talið rétt að senda hana strax áfram á Borgarspítalann í Reykjavík, þar sem betri aðstaða væri til að rannsaka hana, mynda og taka síðan ákvörðun um, hvort hún yrði lögð í sjúkrahús hér á landi eða send til heimalands síns.

Í áverkavottorði Hauks Árnasonar læknis, dags. 27. september 1970, segir svo:

„Hinn 18.7.'70 kl. 15.15 kom á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík kona, sem segist vera ofangreind persóna.

Konan, sem vinnur að söfnun sjónvarpsefnis, lenti í bifreiðaslysi sama morgun fyrir austan fjall um kl. 10.00.

Konan sat í framsæti bílsins. Fékk högg á höfuð og herðar. Missti ekki meðvitund. Gat brólt út úr bílnum, en varð þá að leggjast niður vegna verkja í hálsi og baki.

Hún var flutt í sjúkrabíl til Selfoss, og mun læknir hafa litið á hana. Er síðan flutt áfram til Reykjavíkur í sjúkrabíl, en hann lenti í árekstri við bíl á leiðinni til Reykjavíkur. Við þennan árekstur kastaðist konan til, og segir hún óþægindi sín frá hálsi og baki hafa versnað við þetta seinna bílslys.

Skoðun. Háls: Kvartar um stirðleika og verki í hálsi við minstu tilraun til að hreyfa í hálsliðum. Þrýstingseymisli eru mikil, einkum yfir hryggjartindi á IV. hálslið.

Brjósthol: Þrýstingseymisli yfir bringubeini.

Við neurologiska skoðun við komu kemur ekkert fram. Allir reflexar eðlilegir. Engar lamanir.

Röntgenrannsókn leiðir í ljós brot og (sic) IV. og V. hálsliði (sjá umsögn um röntgenmyndir). Hún var í upphafi meðhöndluð með rúmlegu á beinu undirlagi með smá kodka og sandpoka til stuðnings við hliðar háls og höfuðs. Fékk verkjatöflur og vöðvaafslappandi lyf 20.7. Líðan sjúklings fer batnandi. Verkir í brjóstholi eru minni. Getur hreyft höfuðið frá hlið til hliðar án verulegs sársauka. Haft tregar hægðir, en þær nú komnar í eðlilegt horf. Neurolog hefur skoðað konuna í dag, og var niðurstaða hans samhljóða fyrri rannsókn.

25/7 er líðan enn batnandi, og hún fær að hækka undir höfði og herðum á daginn.

Fær að byrja að fara fram úr 4.8. með plast extensionskraga, hafði áður haft mjúkan filtkraga. Endurnýjuð röntgenrannsókn 30.7. sýnir, að áðurnefnd brot á hálsliðum eru tiltölulega stöðl sem og passar við hennar klínisku sjúkdómsmynd. Við hematologiska rannsókn, er gerð var hér, var Hb. 12,7 sökk milli 27 og 34. Létt leukocytos mest 10 þús. S-Kreatinin var 0,8-Diff eðlilegt.

Sjúklingur fer 6/8 flugleiðis til Parísar til frekari meðhöndlunar hjá sínum lækni þar. Er flutt héðan í sjúkrakörfu með áður-

nefndum extensionskraga. Ofanskráð samandregið úr sjúkra-skýrslum Slysadeildar.“

Í málinu er fram komið vottorð Baldurs Fr. Sigfússonar læknis, dags. 5. ágúst 1970, svohljóðandi:

„Ágrip um röntgenskoðun á *Agnés Delarive*, 42 Avenue Bugeaud, París, sem framkvæmd var í júlí 1970 á röntgendeild Borgarspítalans, Reykjavík, Íslandi.

Höfuðkúpa, 18/7/70: Neikvæð.

Brjósthryggur, 18/7/70: Á efri hluta brjósthryggjar er S-laga skekkja ásamt dálitlum snúning og mestu sveigju til vinstri á móts við 3. brjóstlið og hægra megin á móts við 6.—7. brjóstlið. 6. brjóstliður er dálítið neðar vinstra megin án þess merki séu um bresti þar eða annarsstaðar á brjósthrygg.

Viðbótarmyndir 20/7/70 með vinstri hlið sjúklingsins dálítið lyft sýna litla staðbundna dæld mitt á efra borði 3. brjóstliðs, um 2 mm djúpa og um 6 mm að þvermáli, sem einnig má sjá á hliðar-sneiðmynd 10 dögum síðar, en ætla má, að þetta séu leifar kölkunar í beinum og brjóski. Á sneiðmynd var engar sprungur að sjá á þessu svæði, hvorki á liðunum, liðþófaundirstöðum, bakboga (á hryggjarlið) né á hryggstind, eða nein merki um aflögun. Dálítil skerping er á efri afturbrún þessa liðs og hins næsta fyrir neðan og einnig á fremri brúnum næst við 7. og 8. hryggjarlið, sem sýnir lítillaga afturför brjóskanna milli liða.

Hálsliður, 18/7/70: Ekki er hægt að framkvæma neinar athuganir á hreyfingum, en í hlutlausri stöðu er dálítil hryggskekkja á svæði C:V — VII. Tvíhliða sprunga er gegnum bakboga 5. og 6. hálsliðar, en sprungurnar í hinum síðarnefnda eru skáhallt niður og fram á við. Bilið í sprungunum er um 2 mm., en ekkert annað er aflaga. Í hlutlausri stöðu rennur liðþófi C:IV beggja vegna dálítið aftur (um 1—2 mm), en liðfletirnir eru samsíða, og ekkert sést renna, þegar sjúklingurinn liggur með þúða undir höfðinu. Engin merki um blæðingar fyrir framan hryggsúlu eða frekari sprungur. Hliðarmynd daginn eftir með þúða undir öxlum sjúklingsins og talsverða teygingu hálsliða sýnir engin merki óstöðugleika, en greinilega betri stöðu brotanna.

Hliðarsneiðmynd 30/7/70 sýnir heldur ekki neinar frekari sprungur eða nein merki óstöðugleika, en nú er um 4 mm liðskekking neðra hryggstindabrots, aftur og niður á við.

Lendaliðir og spjaldhryggur, 20/7/70: Lítilleg rétting lenda-liða, ella neikvætt.

Lungu (við rúmið), 20/7/70: Neikvæð.“

Pá er fram komið vottorð Ásmundar Brekkan yfirlæknis, dags. 2. október 1970, svohljóðandi:

„Hinn 18.7.1970 var Agnès Delarive vísað af Slysadeild Borgarspítalans til röntgenrannsóknar við Röntgendeild Borgarspítalans. Rannsóknir þær, sem þá voru framkvæmdar, voru röntgenrannsókn af höfði og andlitsbeinum, röntgenrannsókn af hálshrygg og röntgenrannsókn af brjósthrygg. Sjúklingur var síðan vistuð í sjúkrahúsinu og viðbótarröntgenrannsóknir framkvæmdar 20/7 1970 af brjósthrygg og lendhrygg, spjaldhrygg, af lungum og loks sneiðmyndarannsókn af hálshrygg 30. júlí 1970.

Í samantekt eru niðurstöður ofangreindra röntgenrannsókna, sem hér segir: Rannsókn af höfuðkúpu- og andlitsbeinum og lungnarannsókn leiddi ekki í ljós nein áverkamerki né aðrar sjúklegar breytingar. Við röntgenrannsókn á brjósthrygg var ekki hægt að sýna fram á, hvorki við fyrstu rannsókn né viðbótarrannsóknir ásamt sneiðmyndatöku, neinar þær breytingar, er telja mætti áverkamerki eftir slys. Röntgenrannsókn af lendarliðum og spjaldhrygg var einnig neikvæð, hvað það snertir. Röntgenrannsókn af hálslíðum leiddi hins vegar í ljós brot gegnum bogarætur á V. og VI. hálslíðbol með um það bil 2 mm glíðun milli brotenda, en ekki annarri skekkju. Aldrei var hægt að sýna fram á óstöðugleika milli brotenda, enda þótt bilið milli þeirra virtist nokkru lengra við síðari rannsóknina (sneiðmyndatöku).

NIÐURSTAÐA: Röntgenrannsóknir af öllum hrygg þessa sjúklings leiddu þannig í ljós brotlínur gegnum bogarætur V. og VI. hálslíðbolar, en ekki önnur fersk áverkamerki.“

Dr. Georges Fully hefur skoðað stefnanda og metið örorku hennar. Í skýrslu hans, sem dagsett er hinn 13. janúar 1971, segir svo:

„Ég undirritaður, Doktor Georges FULLY, sem hef á hendi kennslu í læknadeildinni í CRETEIL og í lagadeildinni í ST-MAUR, sérfræðingur innritaður á þjóðskrána, liðsforingi í Heiðursfylkingunni, með búsetu í PARIS VI 25 Quai des Grands Augustins:

Staðfesti að hafa rannsakað, að beiðni hennar, í Centre de consultation médicale 8 rue des Bauges, PARIS XVI, ungfrú Agnès DELARIVE, til athugunar og mats á afleiðingum af umferðarslysi, sem hún lenti í á Íslandi 18. júlí 1970.

ATVIK: Hinn 18. júlí 1970 var ungfrú DELARIVE á ferð sem farþegi í Landrover bifreið á vegi á Íslandi, á Reykjavíkursvæðinu, þegar farartækið féll niður í gjá utan við akbrautina, líklega vegna rangrar keyrslu.

Ungfrú DELARIVE missti ekki algerlega meðvitund, þegar slysið varð, en var í sljóleikaástandi næstu klukkustundir á eftir.

Þar eð hún hafði meiðzt, var hún flutt í sjúkrabifreið í sjúkrahús í REKJAVÍK. Á leiðinni lenti sjúkrabifreiðin sjálf í árekstri, og eftir á virðist erfitt að ákveða, hvort þau meiðsli, sem gengið var úr skugga um síðar meir, stöfuðu af fyrra eða síðara umferðarslysinu.

Hin slasaða var tekin í sjúkrahús í REYKJAVÍK vegna meiðsla á höfði, en í kjölfar þeirra fylgdi eftir á meðvitundarmissir, þegar hún var komin í sjúkrahús, það er að segja 8 klukkustundum eftir slysið, en sá tími samsvarar flutningstímanum.

Einnig var gengið úr skugga um meiðsli í hálsi og baki.

Teknar voru röntgenmyndir, og höfum við fengið að sjá þær.

Hún var áfram í sjúkrahúsi í REYKJAVÍK allt til 6. ágúst 1970, en þann dag var hún flutt sjúkraflutningi í ameríska sjúkrahúsið í NEUILLY, þar sem tekið var við henni, og hún var á ný rannsökuð með röntgenmyndatökum.

Hún fór úr sjúkrahúsinu 13. ágúst 1970 og hélt heim til sín, eftir að komið hafði verið fyrir á henni sjúkrakraga. Hún var algerlega iðjulaus til 15. september og tók aftur upp vinnu sína 1. október 1970.

Starfrænni endurhæfingu hálsliða og hryggjarliða, sem hafin hafði verið í ameríska sjúkrahúsinu, var haldið áfram, þrjú skipti í viku allt til þessa dags.

Gögn, sem lögð hafa verið fram:

— vottorð frá Ameríska spítalanum, dagsett 12. desember 1970, frá Dr. Robert MEARY, sem vottar:

„að hafa fylgzt með ungfrú DELARIVE frá 6. ágúst 1970.

„Hún hafði lent í bifreiðarslysi 18. júlí 1970 á Íslandi,

„og komið hafði í ljós hjá henni brot á afturbogum á c5

„og c6 án lamandi fyrirbæra né ertinga á taugarótum.

„Ég lét hana fá þá meðferð að reyna að ná hreyfingarleysi

„síðan með því að nota sjúkrakraga, sem smám saman var

„hætt að nota.

„Nú er hryggur hennar í lagi. Brotin hafa styrkzt,

„ekki gætir óstöðugleika í hryggnum“.

— röntgenmyndir teknar í sjúkrahúsi í REYKJAVÍK eftir

slysið í júlímánuði 1970, sem sýna við Atlas Axis sveigju til vinstri á apophysis odont. Í hálsliðasúlunni brot á grunni apophysis 5. og 6. hálsliðar. Á hryggnum er skekkja með sveigju til vinstri án sjáanlegra meiðsla á beini.

— röntgenmyndir teknar í ameríska sjúkrahúsinu 7. ágúst 1970, sem eru með gleggri myndum, en greinilega sams konar röntgenathugun gerðri 15. desember 1970 af Dr. Yves BOUTTIER, 12 rue de la Victoire í PARIS IX, sem sýnir:

Hálsliðasúla (framan, til hliðar og afturteygt, 3/4 hægri og vinstri).

Á hliðarmyndunum koma í ljós brot á grundvelli apophysis á c5 og c6.

Einnig létt arthrosa intur-apophys. aftan til á C2 C3.

Á hliðarmynd í afturteygju er einnig mynd af sprungu í beini á mjósvæði D1. Engin aflögun í tengiopum.

Bakhryggjaliðasúla (framan og til hliðar).

Létt hryggskekkja með sveigju til vinstri, lendir einkum á D4 og D5.

Engin mynd með sjáanleg meiðsli í beini á síðustu 11 hryggjarliðunum.

Beinsprungan á mjósvæði D1 er einungis sjáanleg á hliðarhálsmynd í afturteygju.

KVARTANIR.

Ungfrú DELARIVE kvartar nú um stöðugan höfuðverk, aftan til og til hliðar í höfðinu, svimakennd, minnisleysi, slappleika, með hneigð til depressjónar, sjónþreytu.

Hún kvartar einnig undan verkjum aftan til í hálsi og verkjum í baki með stirðleikakennd í baki, sérstaklega þegar hún vindur mikið til höfðinu, til dæmis þegar þarf að aka bifreið aftur á bak.

Hún getur ekki lengur haldið á þungri byrði og standi hún lengi í sömu stöðu, finnur hún til sársauka.

Í æ ríkara mæli er stöðugur kviði með ótta við slysi, hræðslu í bifreið, endurminningar um slys í liðna tímanum, aukið úthaldsleysi, sem veldur því, að öðru hverju verður að leggja niður vinnu.

LÆKNISSKOÐUN.

Háls. Ekki kemur fram mikill sársauki, þegar þrýst er á apophysis. Þó er meiri viðkvæmni við þrýsting á 5. og 6. hálslið.

Sársauki kemur fram, ef höfuðið er undið mikið til á bolnum, einkum til vinstri.

Mikil teygja upp á við á höfðinu á bolnum er ekki sársauka-full, nema seinast. Teygja niður á við er ekki sár.

Bak: Ef þrýst er á apophysis, kemur fram eymslablettur við fyrsta lið, og hreyfing á hryggnum framkallar verki, sem leggur út í brjóstkassann.

UMRÆÐUR.

Ungfrú Agnès DELARIVE lenti í tveimur umferðarslysum, hvoru á eftir öðru, hinn 18. júlí 1970 á Íslandi.

Fyrst hlaut hún hjúkrun í sjúkrahúsi í Reykjavík til 6. ágúst, en síðan var hún lögð inn í Ameríska sjúkrahúsið í Neuilly. Þar var hún rannsökuð með röntgenmyndatökum og fékk sjúkrahuga, en fór aftur heim til sín 13. ágúst 1970.

Eftir tímabil algerrar hvíldar, sem stóð til 1. október 1970, tók hún aftur upp vinnu sína of fljótt á þessum degi með miklum erfiðismunum.

Tímabil tímabundinnar algerrar óhæfni til vinnu er því 2 mánuðir og 12 dagar, frá 18. júlí 1970, deginum, er slysið varð, til 1. október 1970.

Dagsetningu styrkingarinnar má telja 1. október 1970, en þó er haldið áfram með starfræna endurhæfingu.

Hún var reyndar hafin í ameríska sjúkrahúsinu í ágústmánuði 1970, og henni er enn haldið áfram heima, þrisvar í viku.

Ungfrú DELARIVE finnur nú sem stendur til stöðugra verkja í hálsi og baki, og nýlegar röntgenathuganir staðfesta myndir af brotum við grundvöll apophysis. C5 c6 leiða í ljós í fyrsta sinn beinsprungu á mjósvæði fyrsta hryggjarliðar. Þessi meiðsli höfðu fram að þessu ekki sézt vegna þess, hve fyrstu röntgenmyndirnar voru lélegar, og vegna þess, að hverju síðari myndum var stefnt. Þessi meiðsli eru skýringin á hinum stöðugu verkjum, sem eru mismiklir, en gera starfsgetuna ótrygga og eru einmitt bundnir við meiðslin í beinunum.

Auk þess er það óvefengjanlegt, að þótt hryggskekkja hafi verið til staðar fyrir slysið, þá olli hún ekki sárindum, og sársaukinn kom ekki fram fyrr en eftir meiðslin. Hér er því um það að ræða, að fyrrverandi ástand hefur versnað. Um er reyndar að ræða þekkt fyrirbæri, fram kemur sársauki eftir meiðsli í skökkum hrygg.

Sérstaka athygli ber að beina að sveigjunni til vinstri á

apophysis odont., sem sést á fyrstu myndunum og staðfest er með seinustu röntgenathugunum. Meiðsli á þessum stað liggja til grundvallar ýmislegum og stöðugum truflunum eins og þeim, sem koma fram hjá ungfrú DELARIVE, auk sársaukafullra fyrirbæra, úthaldsleysis, sléns, útbreiddra sárinda.

Einnig ber að hafa í huga einkennin eftir áfallið, stöðugur höfuðverkur, hneigð til depressjónar, svimi, minnkuð sjónskerpa, endurminningar, kvíðaviðbrögð.

Með tilliti til þess, sem gengið hefur verið úr skugga um í rannsókninni, og athugunar á þeim gögnum, sem okkur hafa verið sýnd, má meta stöðuga örorku í heild 30%.

Bætur vegna sársauka má telja í meðallagi.

Tjón vegna óþrýði er ekki fyrir hendi. Hins vegar er ástæða til að hafa í huga *tjón vegna óþæginda* vegna þess, að hin slasaða getur ekki frammar iðkað sumar íþróttir, sem hún lagði stund á, áður en hún lenti í slysinu, það er reiðmennska og sund. Þetta *tjón vegna óþæginda* má telja hóflegt.

NIÐURSTÖÐUR.

- 1/ *Tímabil tímabundinnar algerrar örorku er 2 mánuðir og 12 dagar, frá 18. júlí 1970, dagsetningu slyssins, til 1. október 1970.*
- 2/ *Dagsetning styrkingarinnar er ákveðin 1. október 1970.*
- 3/ *Bætur vegna sársauka eru í meðallagi.*
- 4/ *Tjón vegna óþæginda er hóflegt.*
- 5/ *Tjón vegna óþrýði er ekki fyrir hendi.*
- 6/ *Stöðug örorka er metin á ÞRJÁTÍU AF HUNDRAÐI (30%).“*

Guðjón Hansen, cand. act., hefur reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Í útreikningnum, sem dagsettur er hinn 22. maí 1972, segir svo um grundvöll hans og niðurstöðu:

„Samkvæmt tveimur skýrslum (önnur er óundirrituð) um umferðarslys, dags. 18. júlí 1970, frá lögreglunni í Árnessýslu og gögnum, er skýrslunum fylgja, varð ungfrú Agnès Delarive, til heimilis að 42 Avenue Bugeaud, 75 — Paris 16ème, fyrir tveimur umferðarslysum nefndan dag. Varð hún fyrst fyrir því, að bifreið, er hún var farþegi í, valt, og síðar um daginn lenti hún í árekstri, er flytja átti hana sjúkraflutningi til Reykjavíkur.

Í örorkumati, dags. 13. janúar 1971, sem doktor Georges Fully, sérfræðingur í París, hefur gert, er tekið fram, að eftir á virðist erfitt að skera úr um, hvort áverkar þeir, sem ungfrú Delarive

hlaut, stafi af fyrra eða síðara slysinu. Telur sérfræðingurinn, að af völdum þessara tveggja slysa hafi slasaða hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Frá slysdegi til 1. október 1970 100%

Síðan til frambúðar 30%

Í fæðingarvottorði (ljósriti, útg. 10. apríl 1972) er ungfrú Delarive nefnd Agnès Josy Barbara Bloch og sögð fædd 24. marz 1940. Hefur hún samkvæmt því verið 30 ára að aldri, er hún varð fyrir slysum þeim, sem hér um ræðir. Undanfarin ár hefur hún starfað hjá franska sjónvarpinu, en að sögn yðar, herra hæstaréttarlögmaður, mun hún ekki hafa annazt heimilisstörf.

Samkvæmt launamiðum franska sjónvarpsins (Office de Radio-diffusion-Television Française) fyrir starfsárin 1969 og 1971 og vottorði sömu stofnunar um launagreiðslur árið 1970 voru laun ungfrú Delarive þessi þrjú ár sem hér segir:

	Brúttó	Nettó
Árið 1969 F. f.	56.052,00	F. f. 53.654,00
— 1970 F. f.	36.253,74	F. f. 34.543,86
— 1971 F. f.	69.756,00	F. f. 67.220,00

Mismunurinn á brúttó- og nettólaunum felst í tryggingagjöldum. Lít ég svo á, að launþeginn greiði gjöld þessi, en launagreiðandi standi skil á þeim, og hef því lagt brúttófjárhæðir til grundvallar við útreikning. Þess má enn fremur geta, að mestur hluti launa ársins 1971 (F. f. 59.003,37 brúttó) er fyrir fyrri helming þess árs.

Framangreindar tekjuupplýsingar ná til aðeins eins árs fyrir slysið, en að auki til slysársins og eins árs eftir slysið. Þegar tillit er tekið til afleiðinga syssins, virðist vera allgott samræmi milli teknanna þessi þrjú ár. Hef ég því áætlað slösuðu sömu vinnutekjur fram í tímann og hún hafði á árinu 1969, þ. e. 56.052 franska franka á ári. Miðað við þessar tekjur og tap tekna í samræmi við áður nefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps til 1/10 1970 F. f. 10.829,00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma F. f. 213.096,00

Samtals F. f. 223.925,00

Telja má víst, að niðurstaða yrði nokkru hærri, ef tekið væri tillit til kauplagsbreytinga í Frakklandi frá árinu 1969 til þessa, en um þær breytingar hef ég ekki vitneskju.

Í bréfi til yðar, dags. 18. febrúar 1971 (í íslenzkri þýðingu, óstaðfestri), gerir Claude Lebel, lögfræðingur, ráð fyrir, að gerð verði krafa til bóta fyrir tap vegna samnings, sem ungfrú Delarive hafði gert við Instituto Latinoamericano de Cinematografia Educativa í Mexíkó, sbr. bréf stofnunarinnar til hennar, dags. 10. júlí 1970. Í bréfi lögfræðingsins er talið, að um þriggja mánaða starf hefði orðið að ræða frá 1. ágúst 1970 að telja, en í bréfi stofnunarinnar er reiknað með þremur mánuðum frá 10. ágúst að telja. Kemur því til greina, að bætur fyrir vinnutjón á tímabilinu frá slysdegi til 10. nóvember 1970 miðist við þær tekjur, sem ungfrú Delarive hefur sammanlega misst, að frádregnum vinnutekjum hennar á tímabilinu frá 1. október til 10. nóvember. Í stað ofangreinds útreiknings á verðmæti tapaðra vinnutekna bæri í því tilviki að reikna verðmæti 30% taps vinnutekna frá 10. nóvember 1970 að telja, en slíkt verðmæti reiknast mér nema á slysdegi F. f. 211.1293,00.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra kvenna 1951—1960.“

Stefnandi kom til landsins vorið 1974 og gekkst þá undir rannsókn Stefáns Haraldssonar, dr. med., yfirlæknis. Í skýrslu læknisins, dags. 2. maí 1974, segir svo:

„*Diagnosis:* Status post fracturam arcus vertebralis C.V. bilateralis et arcus vertebralis C VI. bilateralis.

Status post fracturam arcus Th. I.

Anamnesis: Eftir upplýsingum sjúklings sjálfs og samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sat sjúkl. í framsæti bifreiðar, sem þ. 18/7 1970 ók út af vegi vegna sprungu á hjólbarða. Bíllinn valt eina veltu og stöðvaðist aftur á hjólunum eftir fyrirbyggjandi upplýsingum. Sjúkl. fékk högg á höfuð og herðar. Missti þó ekki meðvitund. Fékk það mikinn sársauka í hnakka og bak, að hjálpa varð henni út úr bílnum, því hún komst ekki út úr bílnum af sjálfsdáðum. Vegna verkja í hálsi og baki gat sjúkl. ekki staðið upprétt og varð að leggjast fyrir utan við bílinn. Flytja varð sjúkl. í sjúkrabíl frá slysstað, og var hún lögð og skorðuð í sjúkrahörfu í þessum sjúkrabíl. Sjúkl. var ekið til sjúkrahúss Selfoss, og gerði Óli Kr. Guðmundsson, yfirlæknir sjúkrahússins, skoðun á sjúklingnum. Eftir honum er m. a. haft eftirfarandi: „Frumskoðun lét í ljós, að um meiri háttar meiðsli í baki var að ræða.“ Var sjúkl. síðan, án nokkurrar meðferðar á sjúkrahúsinu á Selfossi, send áfram með sjúkrabíl frá Selfossi áleiðis til Reykjavíkur.

Þessi sjúkrabifreið lenti í árekstri á leiðinni til Reykjavíkur. Þannig að önnur bifreið ók upp að sjúkrabílnum hægra megin frá, og skullu bifreiðarnar saman. Eftir fyrirbyggjandi upplýsingum var um harðan árekstur að ræða, en þó ekki svo, að sjúkrabifreiðin kastaðist neitt að ráði til. Ekki var ökumanni sjúkrabílsins kunnugt um, að neitt hafi orðið að sjúkl. við þennan árekstur, þar sem hún lá skorðuð í sjúkrakörfu. Sjúkl. hefur þó gefið þær upplýsingar sjálf, að óþægindin í hálsi og baki hafi versnað nokkuð við þetta seinna bílslys.

Sjúkl. var lögð inn á Borgarspítalann 18/7 1970. Hún kvartaði þá um stirðleika og verki í hálsi við minnstu tilraun til að hreyfa hálsliði, og var þrýstingsaum yfir hrygg tindum IV. hálsliðs. Einnig hafði hún þrýstingseymisli yfir bringubeini. Neurologísk skoðun við innlagningu sjúklings leiddi ekki í ljós neinar taugatrufnanir. Röntgenrannsókn, sem gerð var við komu sjúkl. á Borgarspítalann, leiddi í ljós brot gegnum bogarætur á C V. og C VI. með u. þ. b. 2 mm bil á milli brotenda, en ekki annarri skekkju. Seinni röntgenskoðanir með svokallaðri sneiðmyndatöku sýndu ekki neinn óstöðugleika milli brotenda, enda þótt bilið milli þeirra virtist nokkuð lengra við þessa síðari rannsókn. Sömuleiðis voru teknar röntgenmyndir af höfði og andlitsbeinum og einnig lungum, og leiddi það ekki í ljós áverka né aðrar sjúklegar breytingar. Gerð var einnig rtg.rannsókn á brjósthrygg, og sýndi sig, að þar var um að ræða scoliosis í efri hlutanum á columna thoracalis með léttari torsion. Maximal convesitet til vinstri var á hæð við Th. III. og maximal convesitet til hægri var á hæð við Th. VI. og Th. VII. Talað er um í rtg.-skýrslu, að corpus vertebralis Th. VI. hafi verið dál. lægri vinstra megin án einkenna brota þar eða annars staðar í columna thoracali. Ný rtg.mynd, sem tekin var 20/7 '70, sýndi léttu depression á miðjum efri hluta corpus vertebralis Th. III. ca 2 mm djúpa með ca 6 mm í diameter. Þarna var álitíð, að um leifar af osteochondrosis truflunum eða vaxtartruflunum í corpus vertebralis væri að ræða. Á þessum myndum er einnig talað um merki um léttu disdegeneration milli Th. VII. — Th. VIII. Það skal sérstaklega tekið fram, að það kemur hvergi fram á þessum röntgenmyndum, sem teknar voru á Borgarspítalanum, að um instabilitet eftir slysið hafi verið að ræða í liðakerfum þeim, sem binda saman hryggjarliðina C V. — C VI., þannig hvorki í discus intervertebralis eða í hinum tveimur apophyseal synovial liðum.

Sjúkl. var í upphafi meðhöndluð með rúmlegu á beinu undirlagi með smá-kodda og sandpoka til stuðnings við hliðar háls og höfuðs á Borgarspítalanum. Hún fékk verkjatöflur og vöðva-afslappandi lyf. 20/7 1970 er í fyrirbyggjandi skjölum talað um, að líðan sjúkl. fari batnandi, verkir í brjóstholi séu minni. Sjúkl. gat þó hreyft höfuð frá hlið til hliðar án verulegs sársauka. Þennan dag skoðaði sérfræðingur í taugasjúkdómum sjúkling og fann ekkert óeðlilegt. Líðan sjúklings er þannig batnandi þegar 2 dögum eftir slysið. 25/7 '70 fer líðan enn batnandi eftir fyrirbyggjandi skjölum, og sjúkl. fær að hækka undir höfði og herðum á daginn. 4/8 '70, þ. e. a. s. 17 dögum eftir slysið, fer sjúkl. á fætur, með plastextensionskraga, en hafði áður haft mjúkan filtkraga. Það kemur hvergi fram í fyrirbyggjandi gögn-um, að um neinn meðvitundarmissi hafi verið að ræða eftir téð slys, en slíku er haldið fram í vottorði frá franska læknum G. Fully.

Eftir fyrirbyggjandi upplýsingum var sjúkl. útskrifaður af Borgarspítalanum í Reykjavík þ. 6/8 '70 og var þá flutt flugleiðis til Parísar til frekari meðhöndlunar þar. Var flutt í sjúkrahúsi með áðurnefndum extensionskraga.

Eftir upplýsingum sjúklings sjálfs og út frá vottorði dr. G. Fully, París, var sjúkl. eftir komuna til Frakklands lögð inn á Ameríska sjúkrahúsið í Neuilly. Röntgenrannsókn, sem gerð var á sjúklingi þar, leiddi í ljós það, sem áður er um getið, að fundist hafi við rtg.rannsókn á Borgarspítalanum, þó fannst við þessa nýju rannsókn sprunga í arcus Th. 1., sem ekki hafði verið uppgötvað áður. Sjúklingurinn dvaldist á áðurnefndu sjúkrahúsi þar til 13/8 '70 og hélt þá heim til sín með sjúkrakraga. Eftir upplýsingum sjúklings lá hún í rúminu á heimili sínu þar til í lok september 1970. Þ. 1/10 '70 hóf sjúkl. störf að nýju, þá við ritstörf, og telur sig þá eingöngu hafa unnið u. þ. b. helming af þeirri vinnu, sem hún vann fyrir slysið. Sjúkl. telur sig hafa horfið aftur til fullra fyrri starfa í byrjun janúar 1971 og hefur unnið þannig allt síðan. Sjúkl. segist hafa þurft að ganga stöðugt með hálskraga ca 1 ár eftir slysið og segist ennþá fá nudd 2svar — 3svar í viku á aftari hluta háls og herðar.

Það má einnig taka fram, að sjúkl. telur sig ekki hafa lægri tekjur af starfi sínu nú en hún hafði fyrir slysið.

Subjectiv einkenni: Sjúkl. telur sig aldrei hafa haft óþægindi frá hnakka eða baki fyrir slysið. Sjúkl. telur sig í dag hafa subjectiv einkenni, sem lýsa sér í álagsverk í hálsi og hnakka

og neðri hluta Th. hryggs. Álagsverkur þessi hverfur alltaf í hvíld, og sjúkl. hefur þannig aldrei spontan verk í nefndu svæði. Allt álag eins og stöður, setur, vinna með höfuðið álútt og miklar hreyfingar í hnakka valda versnun þessa álagsverkjar í hálsi.

Sjúkl. telur sig ekki hafa útgeislun verkjanna í efri extremitet eða thorax. Hún telur sig ekki hafa neinar sensibilitets-truflanir og engar truflanir frá heyrn. Aftur á móti telur sjúkl. sig eftir slysið hafa verri sjón, þannig að hún sjái verr það, sem langt er frá henni, sér eðlilega það, sem nálægt er. Telur sig stundum fá svima, einkum er hún gengur niður háan stiga. Sjúkl. telur sig hafa minni hreyfingu í hálsliðum, einkum rotation, en hún hafði fyrir slysið. Telur sig ekki hafa minni vöðvakraft í háls- eða hryggvöðvum en fyrir slysið.

Sjúkl. telur, að subjectív einkenni hafi ekki breyst, hvorki til þess betra eða til þess verra s.l. 1½ ár.

Ofanefnd subjectív einkenni valda því, segir sjúkl., að hún hefur erfiðleika við viss atriði í starfi sínu, getur þannig t. d. síður en áður tekið á sig löng ferðalög, á erfitt með að keyra bíl, þar sem snúningur á höfði við að keyra bíl aftur á bak veldur óþægindum. Sjúkl. stundaði ýmsar íþróttir fyrir slysið, og getur hún ekki stundað þær íþróttir í dag, segir hún. Getur þannig ekki spilað golf eða stundað hestreiðar vegna téðs álagsverks í hálsi. Segir sig þar að auki ekki geta synt, en það er ekki vegna sársauka við sundið, heldur vegna hræðslu við að synda. Sjúkl. telur sig kjarkminni eftir slysið en hún var fyrir slysið.

Objectiv einkenni: Útlit sjúkl. er í samræmi við aldur hennar. Hún er ekki þjáð við rannsóknina. Hún sýnir létt scoliosu í columna thoracalis, en engar formtruflanir eða stöðutruflanir á hálsi. Hún telur sig vera þrýsti- og bankauma yfir processus spinosus C V. C VI. Telur sig einnig þrýstiauma í fremri brún musculus trapezius. Enginn útgeislandi sársauki við þrýsting yfir plexus brachialis í fossa supraclavicularis, og háls-Lasegue er negativt bilateralt. Engin indirect bankeymsli í háls hrygg, þegar slegið er í langsöxul háls hryggs með banki ofan á höfuð.

Hreyfingar í columna cervicalis: Flexion 15°, nær þannig ekki sternum með höku, og er millibilið við passiva hreyfingu 4 cm milli höku og sternum. Extensio 30°. Deviation til hægri 30°. Deviation til vinstri 30°. Rotation til hægri 80°, rotation til vinstri 60°. Sjúkl. hefur þannig minnkaða flexion í columna cervicalis og einnig minnkaða rotation til vinstri. Aðrar hreyfingar eru eðlilegar.

Við tilraun til forcereraðar flexionar og forcereraðar rotationar til vinstri telur sjúkl. sig fá sársauka í háls.

Columna thoracalis: Sjúkl. telur sig bankauma yfir processus spinosus Th. V. Hefur létt scoliosu í efri hluta thoracal-hryggs. Columna lumbalis sýnir eðlil. form, án bankeymsla. Sjúkl. hefur vel þroskaða vöðva í kringum columna cervicalis-thoracalis-og lumbalis. Við flexion í columna lumbalis vantar 10 cm upp á, að sjúkl. nái gólfi með fingurgómum. Þannig nokkuð minnkuð flexion í columna lumbalis, aðrar hreyfingar í columna lumbalis eðlilegar í öllum plönum.

Engar atrophíur á vöðvum axlar-regiona. Engin palpations-eymsli yfir humeroscapular liðum. Reflexar og sensibilitet eðlilegt á efri extremitetum.

Hreyfingar í humero scapular liðum (án fixation scapular):

	Hægri	Vinstri
Abduction	0-180°	0-180°
Fram-elevation	0-180°	0-180°
Útrotation	45°	45°
Innrotation	90°	90°

hefur þannig fullar hreyfingar í báðum humero scapular liðum.

Ummál upphandleggja (10 cm proximalt við olecranon): Vinstra megin 22 cm, hægra megin 22 cm.

Ummál framhandleggja (10 cm distalt við olecranon): Vinstra megin 20 cm, hægra megin 20 cm.

Engar atrophíur á smávöðvum handa. Vöðvakraftur handa, mælt með dynamometer, hægra megin 6, 2, 2. Vinstra megin 1, 0, 1.

Sjúkl. er rétthend, og virðist þannig ekkert patologískt við styrkinn í höndum, þó hún sé ekki sérlega sterk í þeim.

Radialis púlsinn er eðlilegur bilateralt og jafn, hægra og vinstra megin.

Röntgenologísk rannsókn, gerð 30/4 1974 á Landspítalanum í Reykjavík: Rannsókn sýnir, að brotið í C V. er algjörlega gróið og sést ekki lengur. Engin dislocatio eða deformitet á vertebrae C V. Á vertebrae C VI. er brotið einnig gróið, en þó sést 3 mm löng glufa í efri brúninni á arcus, a. ö. l. ekki deformitet eða dislocation á vertebra C VI. Columna cervicalis sýnir engin merki um disdegeneration eða degenerativar breytingar í apophyseal liðum. Stressmyndir í öllum plönum leiða ekkert óeðlilegt í ljós.

Rtg.myndir teknar af columna thoracalis sýna óbreytta

S-myndaða scoliosu í efri hluta columna thoracalis. Sérstök rannsókn af verebra Th. I. sýnir dál. þéttan structur í arcus, sem gæti verið leifar eftir gróið brot, ekki deformitet að öðru leyti, á Th. I. eða liðakerfunum cranialt eða caudalt við þennan vertebra.

Samantekt: Sjúkl. telur sig aldrei hafa haft óþægindi frá baki eða hálsi fyrir slys þau, sem hér er um að ræða. Rtg.myndataka 1970 sýndi þó þá, að sjúkl. hefði S-myndaða scoliosu í efri hluta brjóstshryggs, og mun hún hafa haft þá scoliosu frá upp-vaxtarárum. Hryggskekkja þessi er þó í þeim hluta hryggsúlunum, sem lítið er hreyfð, og scoliosur á þessu svæði gefa ekki alltaf subjectív einkenni, a. m. k. ekki fyrri hluta ævinnar.

Sjúkl. varð fyrir tveimur slysum. Við fyrra slysið fór bíllinn heila veltu, og fékk sjúkl. þá högg á höfuð og herðar. Eftir það slys varð sjúkl. það illa á sig komin af sársauka í hálsi og baki, að hún gat ekki sjálf farið út úr bílnum og gat ekki staðið sjálf í fæturna. Við seinna slysið lá sjúkl. skorðuð í sjúkrakörfu, og varð þar um aðra tegund slyss að ræða, þar sem tveir bílar rákust saman hlið við hlið. Eftir upplýsingum kastaðist sjúkrabíllinn ekkert að ráði til, og fylgdarmaður sjúkl., sem sat aftur í bílnum, rann nokkuð til í sæti sínu. Sjúkl. telur, að sársauki í hálsi og baki hafi versnað við seinna slysið, þar sem að sjúkrakarfan kastaðist eitthvað til með sjúklingnum í.

Brot þessi, sem hér er um að ræða, hafa að öllum líkindum orsakast af því, að höfuð sjúkl. hefur fest aftur á bak, og við það hafa brotin komið í bogann á C V. og C VI. Sjúkl. er af yfir-lækninum á Sjúkrahúsinu á Selfossi talin mikið sködduð í hálsi og baki, þ. e. áður en slys nr. 2 varð. Sjúkl. var skorðuð í sjúkrakörfu, þegar slys nr. 2 varð, og gat varla fengið fetu á háls-hrygg, þó að sjúkrakarfa kastaðist til í sjúkrabílnum. Allt þetta bendir á það, að brot þau, sem sjúkl. hafði í C V., C VI. og sprungan litla í Th. I., hafi orsakast af fyrra slysinu, en ekki af því seinna.

Brot þau, sem sjúkl. sýndi við rtg.rannsóknina 1970, eru öll aftan við liðakerfi þau, sem tengja saman hryggjarliðina. Þannig aftan við discus intervertebralis og aftan við hina 2 apophyseal synovial liði. Brot af þessu tagi eru vön að vera gróin eftir 2—3 mánuði. Sjúkl. telur sig hafa hafið fulla fyrri vinnu frá byrjun janúar 1971.

Subjectív einkenni sjúkl. telur hún, að hindri hana í að stunda hestreiðar og sund, ásamt golfi, en hafi þannig ekki það mikil

áhrif á starf hennar, að hún hafi fallið í tekjum miðað við starfið fyrir slysið.

Sjúkl. telur subjectiv einkenni hvorki hafa versnað eða batnað síðasta 1½ árið.

Telja verður, að um algjöra örorku eftir slysið hafi verið að ræða hjá þessum sjúklingi í 2 mánuði og 12 daga, þ. e. a. s. frá slysdegi til 1. október 1970.

Um hálfa örorku var að ræða frá og með 1. október til byrjun janúar 1971, er sjúkl. hóf fulla vinnu.

Hvað snertir óþægindi og sársauka sjúkl. verður að telja hann mikinn fyrsta mánuðinn eftir slysið, í meðallagi frá því og þar til byrjun janúar 1971, óverulegan síðan. M. t. t. þess, hve langt er liðið frá slysi, m. t. t. þess, að sjúkl. telur ástand óbreytt í 1½ ár, og m. t. t. þess, að rtg.myndir nær 4 árum eftir slys sýna engin merki um degenerativan process í liðkerfum kringum brotstað í columna cervicalis og thoracalis, má telja ólíklegt, að sjúkl. skáni eða versni héðan af.“

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Í örorku-matinu, sem dagsett er hinn 16. maí 1974, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Árnessýslu og öðrum gögnum, er fyrir liggja, varð slysið á þjóðveginum fyrir austan Skriðufell í Þjórsárdal, litlu fyrir kl. 11.20, þ. 18/7 1970, og með þeim hætti, að Land Rover Jeppabifreið, er slasaða var farþegi í og sat í framsæti, fór út af veginum, á ca. 60—70 km. hraða, og valt eina veltu, en stöðvaðist á hjólunum. Slasaða mun þegar eftir slysið hafa kvartað um verki í hálsi og baki, og gat hún ekki staðið upp eftir slysið og varð að leggjast fyrir fyrir utan bílinn, þar til sjúkrabifreið kom á slysstað og flutti slösuðu í Sjúkrahúsið á Selfossi.

Þar var slasaða skoðuð af Óla Kr. Guðmundssyni, sem vottar, að sú skoðun hafi leitt í ljós, að um meiri háttar meiðsl í baki var að ræða, og var slasaða send áfram í sjúkrakörfu og í sjúkrabifreið áleiðis í Borgarspítalann í Reykjavík. Næst skeði það, að nefnd sjúkrabifreið lenti í árekstri á móts við Árbæjarvegamót í Ölfusi, þannig að er hún var að aka fram úr annarri bifreið, skullu bifreiðarnar saman, og virðist sem sjúkrabifreiðin hafi farið útaf vinstra vegkanti, en ók áfram og stöðvaðist á vinstri vegkanti. Eftir þennan árekstur var kvódd til önnur sjúkrabifreið, er flutti slösuðu í slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Um ástand slösuðu við komu í slysadeild Borgarspítalans seg-

ir í vottorði Hauks Árnasonar læknis, sem er dags. 27/9 1970, að kvartanir hafi einkum verið um stirðleika og verki í hálsi við minnstu tilraun til að hreyfa hálsliðina. Þrýstingseymisli voru mikil og voru einkum yfir hryggjartindi á IV. hálslið. Þrýstingseymisli voru yfir bringubeini. Neurologísk skoðun leiddi ekki í ljós truflanir á reflexum, lamanir né annað athugavert. Við Röntgenskoðun kom í ljós brot á IV. og V. hálslið, og var slasaða meðhöndluð eins og venja er við slík brot, og þ. 20/7, tveim dögum eftir slysið, segir í vottorði, að líðan hafi farið batnandi. Þ. 4/8 byrjar sjúklingurinn fótaferð með plastextensionskraga á hálsi. Síðan segir, að þ. 6/8 hafi slasaða farið flugleiðis til Parísar til frekari meðhöndlunar hjá sínum lækni þar, og var hún flutt í sjúkrakörfu, með áðurnefndum extensionskraga á hálsi.

Vottorð Ásmundar Brekkan, yfirlæknis Röntgendeildar Borgarspítalans, dags. 2/10 1970, liggur fyrir, og segir í því, að Röntgenmyndir hafi verið teknar af höfði og andlitsbeinum, af háls hrygg og brjósthrygg, auk þess af lendarhrygg og spjaldhrygg og af lungum. Rannsóknin leiddi í ljós brot gegnum bogarætur á V. og VI. hálslið með u. þ. b. 2ja mm gliðnun milli brotenda, en ekki annarri skekkju.

Fyrir liggur sérfræðileg athugun, gerð af dr. G. Fully, í París, dags. 13/1 1971, en þar er saga þessa slysamáls rakin, og koma þar fram nokkur atriði, er þurfa leiðréttingar við. Í vottorðinu segir, að slysinu hafi fylgt meðvitundarmissir, eftir að slasaða var komin í sjúkrahús í Reykjavík, eða u. þ. b. 8 klst. eftir slysið. Um þetta atriði eru engar upplýsingar í þeim íslenzku vottorðum, er fyrir liggja, og verður því að líta á þessa staðhæfingu sem ranga. Ennfremur segir, að slasaða hafi verið lögð í Ameríska sjúkrahúsið í Neuilly, þar sem hún var rannsökuð á ný og fleiri Röntgenmyndir teknar, og er ekki sýnilegt, að sú rannsókn hafi leitt í ljós annað nýtt og óþekkt en að beinsprungu sást á Röntgenmynd, í mjósvæði (arcus Th. I), en þar sást engin aflögun í tengiopum. Samkvæmt skýrslu þessari fór slasaða heim til sín 13/8 1970, en hóf ekki vinnu fyrr en 1/10 sama ár. Niðurstaða þessarar frönsku læknisfræðilegu og lagalegu skýrslu er í samantekt:

1. Tímabil tímabundinnar algerrar örorku er 2 mánuðir og 12 dagar.
2. Dagsetning styrkingar er ákveðin 1/10.
3. Bætur vegna sársauka eru í meðallagi.

4. Tjón vegna óþæginda er hóflegt.
5. Tjón vegna óþrýði er ekki fyrir hendi.
6. Stöðug örorka er metin á þrjátíu af hundraði.

Í samræmi við íslenzkar venjur og löggjöf verður fallt á 5 fyrstu atriði skýrslu þessarar, en við 6. atriðið er nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir.

Með tilliti til, að hér er um að ræða all yfirgripsmikið mál, var dr. med. Stefán Haraldsson, dósent í orthopedískri kirurgi og yfirlæknir við bæklunardeild Landspítalans, fenginn til að skoða slösuðu, og liggur fyrir ítarlegt sérfræðingsslysavottorð, undirritað af Stefáni Haraldssyni, dr. med., dags. 2/5 1974. Vottorðið hefst á diagnosis: Status post fractura arcus vertebralis C V bilateralis et arcus vertebralis C VI bilateralis. Status post fracturam arcus Th. I. Í vottorði er sjúkrasagan síðan rakin nákvæmlega, og vísast hér með til vottorðsins og annarra gagna varðandi söguna. Í vottorði dr. Stefáns segir orðrétt:

„Það skal sérstaklega tekið fram, að það kemur hvergi fram á þessum Röntgenmyndum, sem teknar voru á Borgarspítalanum, að um instabilitet eftir slysið hafi verið að ræða í liðakerfum þeim, sem binda saman hryggjarliðina C V — C VI, þannig hvorki í discus intervertebralis eða í hinum tveimur apophyseal synovial liðum.“

Síðan segir frá meðferð og framförum, og enn segir orðrétt í vottorði:

„Það kemur hvergi fram í fyrirbyggjandi gögnum, að um neinn meðvitundarmissi hafi verið að ræða eftir téð slys, en slíku er haldið fram í vottorði frá franska læknum G. Fully.“

Eins og að framan getur, fannst við skoðun í Ameríska sjúkrahúsinu í Neuilly brot í arcus Th. I, sem ekki hafði fundist áður. Hér kemur og fram, að slasaða hóf störf að nýju þ. 1/10 1970, en mun þó eingöngu hafa unnið um það bil helming þeirrar vinnu, sem hún vann fyrir slysið. Síðan telur slasaða sig hafa horfið aftur til fullra fyrri starfa í byrjun janúar 1971 og hefur unnið þannig síðan. Hálskraga mun slasaða hafa þurft að nota í um það bil 1 ár eftir slysið og er ennþá í meðferð tvisvar til þrisvar í viku og fær að sögn nudd á aftari hluta háls og herðar. Í vottorði kemur fram, að slasaða telur sig ekki hafa lægri tekjur af starfi sínu en hún hafði fyrir slysið. Um subjectiv einkenni segir, að slasaða hafi aldrei haft óþægindi frá hnakka eða baki fyrir slysið. Nú fái hún hins vegar álagsverk í háls og hnakka og neðri hluta Th. hryggs, og er þessi verkur talinn hverfa við hvíld.

Talið er, að allt álag, eins og stöður, setur, vinna með höfuðið álútt og miklar hreyfingar í hnakka, valdi versnun álagsverkjanna í hálsi. Ekki er um að ræða útgeislandi verki í efri extremitet eða brjósthól. Slasaða telur sig ekki hafa skyntruflanir og engar truflanir frá heyrn, en aftur á móti telur hún, að sjón sé verri eftir slysið. Auk þess telur hún sig stundum fá svima og að hreyfing í hálsliðum sé minnkuð, einkum snúningur, og hafi þessi einkenni ekki breytst, hvorki til þess betra eða verra síðastl. 1½ ár. Af þessum sökum telur slasaða, að hún hafi vissa erfiðleika í starfi, þannig geti hún t. d. síður en áður tekið á sig löng ferðalög, hún á erfitt með að aka bíl, þar sem snúningur á höfði við að aka afturábak veldur óþægindum. Íþróttir, er slasaða stundaði fyrir slysið, getur hún ekki stundað í dag, og er þar getið um golf, hestreiðar og sund, en sundið telur hún sig ekki geta stundað vegna hræðslu. Hún telur sig kjarkminni eftir slysið en fyrir.

Um objectiv einkenni segir, að slasaða hafi létt scoliosu í columna thoracalis, en engar formtruflanir eða stöðutruflanir á hálsi. Nokkur þrýsti- og bankeymsli yfir processus spinocus C V — C VI og þrýstingseymisli á fremri brún musculus trapezius. Enginn útgeislandi sársauki við þrýsting yfir plexus brachialis í fossa supraclavicularis, og háls-Laseque er negativt bilateralt. Um hreyfingar í columna cervicalis segir, að flexionin sé 15° og nái ekki sternum með höku, og er millibilið við passivar hreyfingar 4 cm milli höku og sternum. Extensio er 30°, deviation til hægri 30°, deviation til vinstri 30°. Rotation til hægri 80°, rotation til vinstri 60°. *Sjúklingurinn hefur þannig minnkaða flexion í columna cervicalis og einnig minnkaða rotation til vinstri.* Um flexion í columna lumbalis segir, að 10 cm vanti upp á, að sjúkl. náí gólfi með fingurgómum og hafi þannig nokkuð minnkaða flexion í columna lumbalis. Aðrar hreyfingar talðar eðlilegar. Engar vöðvarýrnanir finnast í vöðvum axlarsvæða né eymsli yfir humero-scapular liðum. Reflexar og tilfinning er talið eðlilegt í efri útlimum. Um Röntgenologiska rannsókn, sem gerð var í Landspítalanum, þ. 30/4 1974, segir, að brotið í C V sé algerlega gróið og sjáist ekki lengur, það er engin dislocatio eða deformitet á vertebrae C V. Á vertebrae C VI er brotið einnig gróið, en þó sést 3ja mm löng glufa í efri brúninni á arcus. Að öðru leyti ekki deformitet eða dislocation á vertebrae C VI. Columna cervicalis sýnir engin merki um disc degenerationir eða degeneratívar breytingar í aphophysial liðum. Stressmyndir í öllum plönum leiða ekkert óeðlilegt í ljós. Röntgenmyndir af háls-

liðum sýna óbreytta s-myndaða scoliosu í efri hluta háls hryggjar, sérstök rannsókn á vertebrae Th. I sýnir dálítið þéttan structur í arcus, sem gæti verið leifar eftir gróíð brot. Ekki deformitet að öðru leyti í Th. I eða liðakerfum cranialt eða caudalt við þennan hryggjarlið.

Samantekt: Sjúkl. telur sig aldrei hafa haft óþægindi frá baki eða hálsi fyrir slys þau, sem hér er um að ræða. Rtg.myndataka 1970 sýndi þó þá, að sjúkl. hafði S-myndaða scoliosu í efri hluta brjósthryggs, og mun hún hafa haft þá scoliosu frá upp-vaxtarárum. Hryggskekkja þessi er þó í þeim hluta hryggsúlanna, sem lítið er hreyfður, og scoliosur á þessu svæði gefa ekki alltaf subjectiv einkenni, a. m. k. ekki fyrri hluta ævinnar.

Sjúkl. varð fyrir tveimur slysum. Við fyrra slysið fór bíllinn heila veltu, og fékk sjúkl. þá högg á höfuð og herðar. Eftir það slys varð sjúkl. það illa á sig komin af sársauka í hálsi og baki, að hún gat ekki sjálf farið út úr bílnum og gat ekki staðið sjálf í fæturna. Við seinna slysið lá sjúkl. skorðuð í sjúkrakörfu, og var þar um aðra tegund slyss að ræða, þar sem tveir bílar rákust saman hlið við hlið. Eftir upplýsingum kastaðist sjúkrabíllinn ekkert að ráði til, og fylgdarmaður sjúkl., sem sat aftur í bílnum, rann nokkuð til í sæti sínu. Sjúkl. telur, að sársauki í hálsi og baki hafi versnað við seinna slysið, þar sem að sjúkrakarfan kastaðist eitthvað til með sjúklingnum í.

Brot þessi, sem hér er um að ræða, hafa að öllum líkindum orsakast af því, að höfuð sjúkl. hefur fetzt aftur á bak og við það hafi brotin komið í bogann á C V og C VI. Sjúkl. er af yfir-lækninum á Sjúkrahúsinu á Selfossi talin mikið sködduð í hálsi og baki, þ. e. áður en slys nr. 2 varð. Sjúkl. var skorðuð í sjúkrakörfu, þegar slys nr. 2 varð, og gat varla fengið fettu á háls hrygg, þó að sjúkrakarfa kastaðist til í sjúkrabílnum.

Allt þetta bendir á það, að brot þau, sem sjúkl. hafði í C V, C VI og sprungan litla í Th. I, hafi orsakast af fyrra slysinu, en ekki af því seinna.

Brot þau, sem sjúkl. sýndi við Rtg.rannsóknina 1970 eru öll aftan við liðakerfi þau, sem tengja saman hryggjarliðina. Þannig aftan við discus intervertebralis og aftan við hina 2 apophyseal synovial liði. Brot af þessu tagi eru vön að vera gróin eftir 2—3 mánuði. Sjúkl. telur sig hafa hafið fulla fyrri vinnu frá byrjun janúar 1971.

Subjectiv einkenni sjúkl. telur hún, að hindri hana í að stunda hestreiðar og sund ásamt golfi, en hafi þannig ekki það mikil

áhrif á starf hennar, að hún hafi fallið í tekjum, miðað við starfið fyrir slysið.

Sjúkl. telur subjectiv einkenni hvorki hafa versnað eða batnað síðasta 1½ árið.

Telja verður, að um algjöra örorku eftir slysið hafi verið að ræða hjá þessum sjúklingi í 2 mánuði og 12 daga, þ. e. a. s. frá slysdegi til 1/10 1970. Um hálfa örorku var að ræða frá og með 1/10 til byrjun janúar 1971, er sjúkl. hóf fulla vinnu.

Hvað snertir óþægindi og sársauka sjúkl. verður að telja hann mikinn fyrsta mánuðinn eftir slysið, í meðallagi frá því og þar til byrjun janúar 1971, óverulegan síðan. M. t. t. þess, hve langt er liðið frá slysi, m. t. t. þess, að sjúkl. telur ástand óbreytt í 1½ ár, og m. t. t. þess, að Rtg.myndir nær 4 árum eftir slys sýna engin merki um degeneratívan process í liðkerfum kringum brotstað í columna cervicalis og thoracalis, má telja ólíklegt, að sjúkl. skáni eða versni héðan af.“

Undirritaður átti tal við slösuðu þ. 30/4 1974, og kom fram, að kvartanir hennar og ástand er í fullu samræmi við það, er fram kemur í vottorði dr. med. Stefáns Haraldssonar yfirlæknis. Samkvæmt því er tímabært að meta tímabundna og varanlega örorku, er af slysi þessu hlaut, og verður tímabundna örorkan metin í fullu samræmi við mat dr. Fully, hins vegar er ljóst, að varanlega örorkan, er hann úrskurðaði, er ekki í samræmi við reglur þær, er um þessi mál gilda á Íslandi og Norðurlöndum, getur þar ekki orðið um sömu niðurstöðu að ræða.

Þess skal getið, að um mat þetta var haft samráð við tryggingalækni, Jón Guðgeirsson, svo og dr. med. Stefán Haraldsson yfirlækni, og voru þeir fyllilega sammála undirrituðum um úrskurð. Örorkan telst hæfilega metin:

Í 2 mánuði og 12 daga 100%.

Síðan í 3 mánuði 50%.

Síðan varanleg 10%.“

Guðjón Hansen, cand. act., hefur á ný reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Í hinum nýja útreikningi, sem dagsettur er hinn 2. september 1974, segir svo um grundvöll hans og niðurstöðu:

„Fyrri útreikningur studdist við örorkumat, dags. 13. janúar 1971, sem doktor Georges Fully, sérfræðingur í París, gerði. Við eftirfarandi útreikning er hins vegar lagt til grundvallar örorkumat Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 16. maí 1974, er telur orkutap hæfilega metið sem hér segir:

Í 2 mánuði og 12 daga	100%
Í 3 mánuði	50%
Síðan til frambúðar	10%

Í öðru lagi eru nú tiltækar upplýsingar um launatekjur ungfrú Delarive hjá franska sjónvarpinu árin 1972 og 1973 (á ljósritum þeim, er ég hef fengið, er eitt ártal ógreinilegt, en svo virðist sem uppgjör fyrir árið 1973 sé í tvennu lagi, annars vegar fyrir starf sem „collaborateur au cachet“ og hins vegar fyrir starf samkvæmt sérstökum samningi). Að fengnum þessum viðbótarupplýsingum verða launatekjur 1969—1973 sem hér segir:

	Brúttó	Nettó
	Fr. frankar	Fr. frankar
Árið 1969	56.052,00	53.654,00
Árið 1970	36.253,74	34.543,86
Árið 1971	69.756,00	67.220,00
Árið 1972	65.298,00	62.254,00
Árið 1973	99.718,00	94.824,00

Þar sem vitneskju skorti um kauplagsbreytingar í Frakklandi eftir slysið, miðaðist tekjuáætlun í fyrri útreikningi við launatekjur ársins 1969 óbreyttar. Ég tel sennilegt, að launatekjur slösuðu sem „réalisateur“ að undanskildum slíkum tekjum samkvæmt áðurnefndum sersamningi séu allgóður mælikvarði á kaupgjaldshækkunarir. Hef ég því að þessu sinni áætlað árstekjur á tvo vegu, annars vegar 56.052,00 franska franka á ári (tekjur ársins 1969 óbreyttar), eins og í fyrri útreikningi, en hins vegar þannig:

Frá slysdegi til ársloka 1971 ..	F. f. 56.052,00
Árið 1972	F. f. 65.298,00
Eftir þann tíma	F. f. 73.762,00

Af framanrituðu er ljóst, að tekjuupplýsingar eftir slysið eru einungis notaðar til að meta eðlilegar launahækkunarir, en ekki er tekið tillit til aukatekna ársins 1973.

Í þriðja lagi hef ég með hliðsjón af vaxtahækkun lánastofnana í maí 1973 reiknað með tvenns konar ársvöxtum, annars vegar 7% ársvöxtum einvörðungu, eins og í fyrri útreikningi, en hins vegar 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum eftir þann tíma.

Þegar tillit er tekið til þeirra breytinga, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

A. Miðað við óbreytta tekjuáætlun:
(tekjur ársins 1969 óbreyttar):

	Reiknað með 7% ársvöxtum	Reiknað með 9% ársvöxtum frá 16/5 1973
	F. f.	F. f.
Vegna tímabundins orkutaps í 5 mánuði og 12 daga	17.597,00	17.597,00
Vegna varanlegs orkutaps eftir það	69.679,00	59.927,00
Samtals	87.276,00	77.524,00

B. Miðað við breytta tekjuáætlun
(tekjur 1969 með áætl.
hækkunum):

Vegna tímabundins orkutaps	17.597,00	17.597,00
Vegna varanlegs orkutaps	89.297,00	76.465,00
Samtals	106.894,00	94.062,00

Með skírskotun til athugasemdar í fyrri útreikningi um hugsanlega bótakröfu vegna þriggja mánaða vinnu í Mexíkó, er ekkert varð úr, skal tekið fram, að af ofangreindum fjárhæðum eru franskir frankar 13.833,00 vegna tímabilsins frá slysdegi til 10. nóvember 1970.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að faman, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Þá hefur komið fram bréf Guðjóns Hansen, dags. 23. desember 1975, svohljóðandi:

„Í framhaldi af útreikningum mínum frá 22. maí 1972 og 2. september 1974 í máli ungfrú Agnès Delarive, 42 Avenue Bugeaud, Paris 16ème, vegna umferðarslysa 18. júlí 1970, hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað útreiknings á verðmæti örorkulífeyris, sem ungfrú Delarive hefur verið úrskurðaður frá frönskum almannatryggingum. Jafnframt hef ég til samræmis við örorkutjónsútreikninga að undanfögnu athugað, hver áhrif breyttur vaxtagrundvöllur mundi hafa á niðurstöðutölur útreikningsins frá 2. september 1974, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

ÁHRIF BREYTTS VAXTA-
GRUNDVALLAR.

Í útreikningnum frá 2. september 1974 var reiknað með tvenns konar ársvöxtum. Ef reiknað var með 7% ársvöxtum frá slys-

degi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum eftir þann tíma, reiknaðist mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema frönskum frönkum 77.524,00, miðað við tekjugrundvöll ársins 1969 óbreyttan, en frönskum frönkum 94.062,00, miðað við tekjugrundvöll 1969 með áætluðum hækkunum. Sé reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir þann tíma með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér fyrrnefnda fjárhæðin lækka um því sem næst 14,2%, en síðarnefnda fjárhæðin um því sem næst 15,4%.

VERÐMÆTI BÓTA FRANSKRA ALMANNATRYGGINGA.

Í tilkynningu Miðstöðvar sjúkratrygginga í París, dags. 6. des. 1971, um úthlutun á bótagreiðslu vegna varanlegrar örorku (í íslenzkri þýðingu Magnúsar G. Jónssonar, löggilts skjalapýðanda) kemur fram, að ungfrú Delarive hefur í desember 1971 verið úrskurðaður örorkulífeyrir að fjárhæð fr. fr. 4.192,48 fyrir tímabilið 3/10 1970 til 14/12 1971 og síðan fr. fr. 3.605,60 á ári frá 15. desember 1971 að telja, og greiðist lífeyrir þessi ársfjórðungslega eftir á. Verðmæti þessarar lífrentu, miðað við greiðslu ævilangt og 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, en 9% ársvexti eftir þann tíma, reiknast mér nema á slysdegi, frönskum frönkum 38.805.-.

Ef reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974, en eftir það með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér ofangreind fjárhæð lækka um því sem næst 18,1%.

Í umræddri tilkynningu er gerð rækileg grein fyrir bótagrundvelli, þ. e. örorkumati, viðmiðunarfrjárhæð launa, hundraðshluta lífeyris o. fl. Tekið skal fram, að mér er ekki ljóst, hvað átt er við með orðalaginu „*Eignfærsla — Tilfærsla* (Sjá bakhlið). Þriggja mánaða tímabilið er frá 3.10. 1975 til 3.1. 1976“. (Ísl. þýðing, bls. 4), en svo virðist, sem einungis sé um að ræða breytingu á gjalddögum ársfjórðungsgreiðslna.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að faman, skírskotast til fyrri útreikninga.“

Krafa stefnanda á hendur stefndu er byggð á ákvæðum 67. og 74. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram, að Francesco Horvat hafi ekki verið raunverulegur leigutaki bifreiðarinnar R 18100. Hann hafi tekið bifreiðina á leigu fyrir fyrirtækið Quadrant til afnota fyrir hópinn og hafi fyrirtækið greitt allan kostnað við

ferðina, þar með leigugjald fyrir bifreiðina. Því megi líta á fyrirtækið Quadrant sem raunverulegan leigutaka bifreiðarinnar. Stefnandi, sem verið hafi á launum hjá fyrirtækinu, hafi því verið farþegi í bifreiðinni gegn endurgjaldi. Af þessum ástæðum beri eigandi bifreiðarinnar, Bílaleigan Falur h/f, fébótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Þá sé ljóst, að stefnandi hafi verið í bifreiðinni X 4 sem farþegi gegn endurgjaldi og því beri sýslusjóður Árnassýslu sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafi hlotið við árekstur þeirrar bifreiðar og bifreiðarinnar X 521, samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Einnig beri eigandi þeirrar bifreiðar, Ármann Einarsson, ásamt eiganda X 4 óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna árekstrar bifreiðanna, sem rakinn verði til ólögmæts aksturs þeirrar bifreiðar. Þá er því haldið fram, að ekki sé unnt að greina milli afleiðinga slyssins í Þjórsárdal og afleiðinga áreksturs bifreiðanna X 4 og X 521 á heilsu stefnanda, en ljóst sé, að árekstur bifreiðanna hafi valdið stefnanda miklum auknum þjáningum. Því verði eigendur allra bifreiðanna að bera óskipta fébótaábyrgð á heildartjóni stefnanda af völdum slyssins í Þjórsárdal og áreksturs bifreiðanna X 4 og X 521. Verði ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar R 18100, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, og ábyrgðartryggjandi bifreiðanna X 4 og X 521, Samvinnutryggingar g/t, því að bera óskipta greiðsluskyldu á tjóni stefnanda með eigendum bifreiðanna, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Endanleg fjárhæð dómkröfu stefnanda er sundurliðuð þannig, að krafist er greiðslu útlagðs kostnaðar í 18 liðum, samtals franskir frankar 8.469.03. Þá er krafist bóta fyrir orkutap að fjárhæð franskir frankar 106.894.00 og að lokum bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum, þar með mexíkanski samningurinn, að fjárhæð franskir frankar 34.840.00. Kemur þannig fram höfuðstóll endanlegrar dómkröfu stefnanda, franskir frankar 150.203.03.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu Bílaleigunnar Fals h/f og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, að ekki væri samþykkt, að hinni breyttu vaxtakröfu stefnanda yrði komið að í málinu án framhaldsstefnu, en jafnframt var því lýst yfir, að hinni breyttu vaxtakröfu væri ekki mótmælt, ef fallist yrði á að miða tjón stefnanda við gengi franskra franka miðað við íslenska krónu á slysdegi.

Sýknukrafa þessara stefndu er byggð á því, að stefnandi hafi verið farþegi í bifreiðinni R 18100 án endurgjalds, og því beri

Bílaleigan Falur ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnanda á hlutlægum grundvelli 67. gr. umferðarlaga. Er á það bent, að samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 127/1960 sé óheimilt að taka farþega til flutnings gegn endurgjaldi í bifreiðum, sem leigðar eru út án bifreiðarstjóra. Þá er því haldið fram, að samkvæmt samningi þeim, sem gerður var um leigu bifreiðarinnar, sé Francesco (Frank) Horvat leigutaki bifreiðarinnar og skipti ekki máli, hvort stefnandi sjálf eða félag í Frakklandi hafi síðan greitt leigufjárhæðina að meira eða minna leyti. En jafnvel þótt fyrirtækið Quadrant væri leigutaki, þá verði samt sem áður eigi talið, að stefnandi hafi verið farþegi gegn endurgjaldi. Er því mótmælt, að Bílaleigan Falur h/f verði talin flytjandi í skilningi bifreiðalaga.

Varakrafa þessara stefndu er byggð á því, að þeir beri aðeins ábyrgð á því tjóni stefnanda, sem hlaust, er bifreiðin R 18100 valt í Þjórsárdal, en ljóst sé, að er bifreiðarnar X 4 og X 521 rákust saman, hafi ástand stefnanda af völdum fyrra slyssins versnað mikið. Þá er því haldið fram, að stefndu eigi kröfu á því, að tjón stefnanda verði dæmt eftir íslenskum lögum og dómvenju. Er því mótmælt, að efni og niðurstaða skýrslu dr. Georges Fully svo og útreikningar, sem á þeim eru byggðir, verði lögð til grundvallar í málinu. Er og mótmælt, að útreikningur á áætluðu verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda verði byggður á lífslíkum franskra kvenna, heldur beri að miða við lífslíkur íslenskra kvenna. Þá er því og haldið fram, að við slíkan útreikning verði að miða við þá vexti, sem raunverulega gildi á Íslandi. Þá er mótmælt þeirri hækkun, sem reiknað sé með á tekjum stefnanda eftir 1969. Þá er fjárhæð miskabóta mótmælt sem of hárrí. Þá er útlögðum kostnaði mótmælt sem of háum og tölulega röngum.

Þá er því haldið fram, að stefndu sé óskýlt að greiða bætur í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum og beri að miða bætur við tjóndag, enda sé verðtrygging krafna sem þessara óheimil skv. lögum nr. 71/1966.

Við munnlegan flutning málsins var samþykkt af hálfu sýslu-sjóðs Árnassýslu, Ármanns Einarssonar og Samvinnutrygginga g/t, að hinni breyttu vaxtakröfu stefnanda yrði komið að í málinu án framhaldsstefnu.

Sýknukrafa þessara stefndu er byggð á því, að þau líkamsmeiðsli stefnanda, sem fjallað er um í málinu, hafi hún hlotið, er bifreiðin R 18100 fór út af veginum í Þjórsárdal. Er því hald-

ið fram, að í því slysi hafi stefnandi háls- og hryggbrotnað og hafi hún við það slys orðið ósjálfbjarga. Hins vegar sé ósannað með öllu, að stefnandi hafi hlotið líkamsmeiðsl við árekstur bifreiðanna X 4 og X 521 eða að afleiðingar líkamsmeiðsla þeirra, sem hún þegar hafði hlotið, hafi aukist. Er á það bent, að stefnandi hafi þjáðst mikið vegna afleiðinga slyssins í Þjórsárdal, en hún hafi legið skorðuð í sjúkrakörfu í bifreiðinni X 4 og lítið sem ekkert hreyfst til við áreksturinn. Til vara er því haldið fram af hálfu þessara varnaraðilja, að tjón stefnanda geti ekki nema að litlum hluta talist afleiðing áreksturs bifreiðanna X 4 og X 521.

Þá er kröfum stefnanda mótmælt sem allt of háum. Er því haldið fram í því sambandi, að erlendum aðili, sem slasist, er hann er staddur hér á landi, verði að sæta lögum landsins um mat og uppgjör tjóns síns á sama hátt og hann verði að sæta íslenskri lögsögu um bótaábyrgð á tjóninu. Er því haldið fram, að hér verði að leggja til grundvallar íslenskan meðalhófskvarða með tilliti til kyns tjónþola, aldurs, starfs og annarra atriða. Er því mótmælt, að dómur í máli þessu verði byggður á örorkumati erlends læknis. Er mótmælt grundvelli mats dr. Georges Fully og niðurstöðu þess mótmælt sem of hárrí.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 21/1914 um notkun bifreiða var lögfest ströng regla um ábyrgð bifreiðaeigenda á tjóni á mönnum eða munum, sem stafaði af notkun bifreiða. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laganna gildi ábyrgðarreglan ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreið flutti, nema bifreiðin væri „til afnota fyrir almenning gegn borgun.“ Voru reglur þessar svo í lögum um notkun bifreiða, síðast í lögum nr. 23/1941. Með umferðarlögum nr. 26/1958, nú lög nr. 40/1968, var í 1. mgr. 67. gr. í stað framangreindrar ábyrgðarreglu lögfest regla um hlutlæga ábyrgð á slysi eða tjóni á mönnum eða munum af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun, en skv. ákvæði 2. mgr. gildir reglan ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutæki flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

Í greinargerð með frumvarpi að lögunum segir, að ákvæði 2. mgr. 67. gr. séu að efni til í samræmi við ákvæði 2. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, eins og þau hafi verið framkvæmd, þannig að þess sé ekki krafist, að ökutæki sé til afnota fyrir almenning gegn borgun, en nægilegt sé, að gjald eigi að koma fyrir flutninginn. Verður að líta svo á, að með ákvæðum 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga hafi löggjafinn verið að lögfesta rýmri ábyrgðarreglu

varðandi tjón á farþegum í bifreiðum í samræmi við beitingu hinna eldri ákvæða, en ekki verður talið, að haggð hafi verið grundvallartilgangi þeirra að tryggja rétt farþega í bifreiðum, sem eru til afnota fyrir almenning gegn gjaldi.

Á síðari árum hefur risið upp nýr atvinnurekstur með bifreiðar. Er það leiga bifreiða án ökumanns, svokallaðar bifreiðaleigur. Er Bílaleigan Falur slíkt fyrirtæki. Francesco Horvat gerði samninginn við bifreiðaleiguna Fal um leigu bifreiðarinnar R 18100. Var hann því leigutaki bifreiðar R 18100 og bar ábyrgð á greiðslu leigugjalds, þótt annar aðili ætti að bera endanlegan kostnað við ferð þeirra félaganna hingað til lands. Umferðarlög nr. 40/1968 gera ekki nánari grein fyrir því, hvernig flutningi farþega og greiðslu gjalds fyrir flutning þurfi að vera háttað skv. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga, til að hinni hlutlægu ábyrgðarreglu verði beitt um farþega, sem bifreið flytur. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að líta svo á, að beita megi rýmkanði lögskýringu á grundvelli forsögu ábyrgðarreglna 1. og 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga og tilgangi þeirra og telja, að í máli þessu hafi stefnandi gagnvart Bílaleigunni Fal h/f verið farþegi í bifreiðinni R 18100 gegn gjaldi og því beri Bílaleigan Falur h/f fábótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, er bifreiðin valt í Þjórsárdal, skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga er heimilt að dæma Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar R 18100 til að greiða stefnanda bætur ásamt Bílaleigunni Fal h/f að því marki sem nemur tryggingarfjárhæð bifreiðarinnar. Er fram komið, að er slysið varð, hafi fjárhæð þessi verið kr. 3.000.000.00.

Þegar litið er til þess, sem fram er komið um ástand stefnanda þegar eftir slysið í Þjórsárdal og læknisfræðilegra gagna í málinu, verður að telja slíkar yfirgnæfandi líkur fyrir því, að meiðsli þau, sem valdið hafa stefnanda tímabundinni og varanlegri örorku, sem krafist er bóta fyrir í máli þessu, hafi stefnandi hlotið, er bifreiðin R 18100 valt í Þjórsárdal, en ekki við árekstur bifreiðanna X 4 og X 521, er stefnandi lá skorðuð í sjúkrakörfu í bifreiðinni X 4, að fábótaábyrgð á tjóni stefnanda verði ekki lögð á eigendur bifreiðanna X 4 og X 521. Verða þeir því sýknaðir af kröfum stefnanda í málinu svo og ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar. Verður fábótaábyrgð á tjóni stefnanda því eingöngu lögð á Bílaleiguna Fal h/f.

Verður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en

áður hefur verið gerð grein fyrir því, hvernig hún er sundurliðuð. Verður fyrst tekin afstaða til bóta fyrir orkutap.

BÆTUR FYRIR ORKUTAP.

Stefnandi kom hingað til lands og gekkst undir skoðun dr. Stefáns Haraldssonar yfirlæknis. Mat Ólafur Jónsson síðan örorku hennar, svo sem áður er rakið. Á grundvelli þess örorkumats reiknaði Guðjón Hansen, cand. act., síðan örorkutjón stefnanda að nýju, en áður hafði hann reiknað tjónið á grundvelli örorkumats dr. Fully og upphafleg krafa stefnanda byggð á því. Er endanleg kröfugerð stefnanda byggð á síðari útreikningi Guðjóns, B lið, sem miðar við 7% ársvexti.

Auk mótmæla þeirra, sem áður eru rakin af hálfu stefndu Bíla-leigunnar Fals h/f og Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f er því haldið fram, að við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið beri að beita sömu sjónarmiðum og þegar slíkar bætur eru metnar íslenskum aðiljum. Beri þá að taka tillit til þess, að vextir séu hér á landi hærri en 7% ársvextir, svo og hagræðis af skattfrelsi og eingreiðslu bóta. Er því og haldið fram, að grundvöllur útreikningsins sé of hár, þar sem ljóst sé, að stefnandi starfi sjálfstætt og virðist því kostnaður innifalinn í viðmiðunartölum, sem beitt er.

Stefnandi er erlendur ríkisborgari, sem býr í heimalandi sínu, Frakklandi, og stundar þar atvinnu. Tjón það, sem hún hefur orðið fyrir af völdum slyssins, ber hún í gjaldmiðli lands síns. Hins vegar er það alkunna, að lagðar eru hömlur á meðferð erlends gjaldeyris hér á landi, og er það ekki á valdi stefndu Bíla-leigunnar Fals h/f eða Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f að greiða bætur í erlendum gjaldeyri. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af réttarframkvæmd um framreikning örorkubóta í skaðabótamálum verða bætur dæmdar í íslenskum gjaldmiðli, en tekið tillit til gengis íslenskrar krónu gagnvart frönskum franka við uppkvaðningu dóms þessa. Þykir það ekki brjóta í bága við ákvæði laga nr. 71/1966. Þá verður og tekið tillit til sömu sjónarmiða við ákvörðun bóta og gert er við ákvörðun bóta til íslenskra aðilja að því er tekur til vaxta, skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Þá er fram komið, að stefnandi nýtur greiðslna frá almannatryggingum Frakklands. Í bréfi sínu frá 23. desember 1975 gerir Guðjón Hansen grein fyrir áhrifum greiðslna þessara svo og áhrifum, sem vaxtabeytingar hér á landi kunna að hafa á fyrri útreikning. Þá er og fram komið, að stefnandi hefur keypt

einstaklingsbundna slysaftryggingu hjá Lloyds í London og hefur fengið greidda franska franka 5.000.00 frá þeim aðilja. Þegar tekið er tillit til atriða þeirra, sem hér hafa verið rakin, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 1.600.000.00.

**BÆTUR FYRIR ÞJÁNINGAR OG RÖSKUN
Á STÖÐU OG HÖGUM, ÞAR MEÐ
MEXÍKANSKI SAMNINGURINN.**

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á því, að meiðsli stefnanda hafi verið alvarleg og sársaukafull og hafi sjúkdómsástand hennar verið langvarandi. Þá hafi meiðslin valdið því, að hún geti ekki unnið margt af því, sem hún vann áður, en einnig þreytist hún fyrr og meir við vinnu en áður. Þá geti stefnandi ekki sinnt íþróttum, sem hún hafi áður stundað mikið. Þá finni stefnandi nú oft til höfuðverkjar. Einnig sé hún eftir slysið hrædd við að ferðast í bifreið.

Af hálfu stefndu er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem allt of háum. Er því haldið fram, að bætur beri að ákveða eftir sömu sjónarmiðum og í málum milli íslenskra aðilja.

Með vísan til þess, sem áður er rakið um bætur fyrir orkutap, verða bætur samkvæmt þessum lið dæmdar í íslenskum krónum og á sama grundvelli og bætur til íslensks aðilja. Þegar litið er til sjúkdómssögu stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00. Er þá tekið tillit til þess, að í útreikningi Guðjóns Hansen virðist tekið tillit til „mexíkanska samningsins“.

ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR.

Af hálfu stefndu hefur kröfulið þessum verið mótmælt sem of háum og röngum. Stefnandi hefur lagt fram gögn fyrir útlögðum kostnaði að fjárhæð 8.394.06 franskir frankar, sem greiddur hefur verið í þeim gjaldeyri. Er þar um að ræða lækni- aðstoð, sjúkrahúsvist, sjúkrahjálfun og sjúkraflutning. Er hér um að ræða eðlilegan kostnað, sem á rætur sínar að rekja til slyss stefnanda. Verður fjárhæð þessi tekin til greina í íslenskum krónum miðað við sölugengi franskra franka við uppkvaðningu dóms, sem er 100 franskir frankar á ísl. kr. 3894.10, með kr. 326.864.69.

Auk framangreindra kröfuliða hafa komið fram reikningar vegna kostnaðar við læknisskoðun hér á landi, örorkumat, ör-

orkutjónsútreikninga, þýðingar löggilts dómtúlks og gistingu, er stefnandi kom hingað til lands til læknisskoðunar. Þykir rétt að taka til greina af kostnaði þessum kr. 132.600.00 í sambandi við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að stefndu sýslusjóður Árnassýslu, Ármann Einarsson og Samvinnutryggingar g/t sýknaðir af kröfum stefnanda (sic), og þykir eftir öllum atvikum rétt, að málskostnaður milli þeirra falli niður. Hins vegar verða stefndu Bílaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, dæmdir til að greiða stefnanda kr. 2.076.864.69 (1.600.000.00 + 150.000.00 + 326.864.69) óskipt ásamt vöxtum, sem með hliðsjón af mótmælum af hálfu þessara aðilja gegn breytttri vaxtakröfu ákveðast 7% ársvextir frá 18. júlí 1970 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 450.000.00, þar með talinn útlagður kostnaður við rekstur málsins, kr. 132.600.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni og Hauki Þórðarsyni yfirlækni.

Dómsorð:

Stefndu sýslusjóður Árnassýslu, Ármann Einarsson og Samvinnutryggingar g/t skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Agnès Josy Barbara Bloch (Agnès Delarive), í máli þessu. Málskostnaður milli þeirra fellur niður.

Stefndu Bílaleigan Falur h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni f. h. Agnès Josy Barbara Bloch (Agnès Delarive), óskipt kr. 2.076.864.69 með 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1970 til greiðsludags og kr. 450.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.